


Þorsteinn Guðbrandsson í Kaldrananesi:

Dagbók 1918



Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

(Lbs 3807-3809 8vo)

Dagbókarritarinn og Kaldrananes 1918


Dagbókarritarinn var *Þorsteinn Guðbrandsson*. Um hann segir í Strandamönnum að hann sé f. 25. apríl 1858 og í Íslendingabók að hann sé d. 25. nóvember 1923. Hann var bóndi í Kaldrananesi 1882-95, svo í Bjarnarnesi til 1910. Síðan húsmaður í Kaldrananesi og dó þar og starfaði síðari árin af og til við verslun á Hólmavík.

Kona hans var *Svanborg Guðbrandsdóttir*, f. 12. september 1849, d. 21. maí 1929, frá Syðri-Brekkum á Langanesi. Dóttir þeirra var *Margrét Þorsteinsdóttir* (f. 27. maí 1880, d. 19. júní 1961), kona *Matthíasar Helgasonar* (f. 21. júní 1878, d. 29. mars 1968).

Samkvæmt sóknarmannatali í árslok 1917 og 1918 voru á þessum tíma skráð þrjú býli á Kaldrananesi.

Matthías (40 ára) og Margrét (38 ára) eru ábúendur á hálfri jörðinni og eru þau Þorsteinn og Svanborg skráð hjá þeim sem foreldrar húsfreyju. Kjartan Ólafsson (41 árs) og Ingibjörg Jónsdóttir (49 ára) eru skráð fyrir öðru býli og Áskell Pálsson (43 ára) og Guðríður Jónsdóttir (45 ára), síðar á Bassastöðum, fyrir því þriðja.

Þorsteinn á jörðina Bjarnarnes og einnig hálfá jörðina Kaldrananes sem Matthías leigir samkvæmt Fasteignamati 1916-1918. Jóhann bóndi Jónsson í Bæ á fjórðung jarðarinnar sem Áskell Pálsson er leiguliði á og Kjartan bóndi Ólafsson fjórðung.



Í árslok 1917 eru 27 skráðir á þessum þremur heimilum á Kaldrananesi og 29 ári síðar. Á heimili Matthíasar og Margrétar hefur þá bæst við Jóhanna Rafnsdóttir niðursetningur en sagt er frá hvernig stendur á því í dagbókinni.

Fúsi sem er oft nefndur í dagbókinni er væntanlega Sophus Salomon Magnússon f. 19. október 1893, d. 6. október 1986. Í sóknarmannatalinu í árslok 1917 er hann kallaður Soffus S. Magnússon 24 ára vinnumaður, en í sóknarmannatalinu ári síðar Soffanías S. Magnússon 25 ára lausamaður.

Halli og Steini eru væntanlega synir hjónanna, Halldór (8 ára) og Þorsteinn (10 ára). Gugga er vinnukonan Guðbjörg Magnúsdóttir (15 ára) og Magga er húsfreyjan Margrét.

Um dagbókina

Á Landsbókasafni eru þrjú pakkar af dagbókum og minnisbókum Þorsteins.


Undir handritanúmerinu Lbs 3807 8vo er minnisbók frá 1884 með veðurlýsingum og upplýsingum, einnig dagbók frá 22. mars – 31. desember 1886, einnig minnisbók yfir tímamann 1888 – 17. október 1889 og frá 1. janúar 1902 og fram að leitum sama ár. Einnig dagbók frá 1. júlí 1909 og dálítið fram á 1910 og dagbók frá 1. janúar – 15. júlí 1911.



Undir handritanúmerinu Lbs 3808 8vo er að því er virðist samhangandi dagbók fyrir árin 1893-1895.

Undir handritanúmerinu Lbs 3809 8vo er að því er virðist heilleg dagbók, samanbundin allskonar hefti. Utan á stendur 1917-1922. Dagbókin byrjar 1917, þann 11. júní og hún nær fram í nóvember 1923, en Þorsteinn deyr í þeim mánuði, 65 ára gamall.

Þorsteinn ræðir dagleg verkefni heimilisfólks utandyra í dagbókinni sinni árið 1918, einnig hefur Kaldrananeskirkja verið í hans umsjón (og eigu). Hann notar dagbókina til að halda bókhald um útgjöld, lán og tekjur sínar og kirkjunnar, einnig nákvæmt yfirlit um eggjatöku, hrognkelsaveiði, selveiði og heyskapinn. Sjá má að hann er ágætlega stæður. Vandlega er skráð hverjir komu í heimsókn og hvert erindi þeirra var og hvert heimilismenn fóru og hverra erinda. Hófleg veðurlýsing fylgir hverjum degi.



163

oneiðlatta. Þingjævegur eyrseiðfós og ríðdur, gefa af
 der 800 hekkurdi. Hefjumur lítill en holl.

Beili land: Viðlund, Snjóloti, Stjólaletti, í meðalag í
 Kjarngott til veðrarbeitar fyrir Sauðfé, en mjög dengt
 í það. Sumarkeil mjög dött, einkum fyrir Sauðfé.
 Stnalamunnka heitdur erfir. Fjörubek matkur í
 göðum rekin, en óhott að veðrarlagi fyrir os.

Girðingar: Tinn girt með ^{2 stúrum} gaddlaris og bláid undis,
 girðingin í stammi standi.

Áhöfn: 5 býr, 330 fjár, 18 hross. Mannastí: 4 Mannmenn
 8 hross og 2 unglings.

Fóðurhöf: Áyr 30 - Sauðkind 1 1/2, hross 7 1/2 sinni döttur.

Möguleg áhöfn sama og áður er talin.

Notaði allgott.

Byggingarefni gott en ekki marklök.

Alumindi: Duntetja talin gefa í ársard 115 Manns. Skvæði
 230 kr. og víðaríki 30 kornur.

Samgöngur: fjörin liggur ekki vel við samgöngum, fremur
 erfitt til aðdratta, vegis eyrseiðfósi, og e. 3 mílur
 fjörud til næsta kauplins.

Frambíðar jarðabásur heitdur borveldur.

Stattur, ekki dauð við flött hattur fyrir Sauðfé.

Vafnsbóð ekki gott, erfitt í það.

Landamerki Þingjævar og ágruningslaust.

Hús jarðoreiganda Kjartans Ólafssonar:

Ábúðarhús úr timber 10x7x6 af., allt járntlatt. Gymskúthús
 áföll við ábúðarhúsið, járntlatt, með loftvegg undir
 ummari hlíð, 12x4 af. Fjör yfir 2 býr; hekkhús yfir
 8 hross; haughús 8x6x3 af.; fjárhús yfir 120 fjör; 3
 Málur e. 200 rimskútur. Hódur og þeningarhús úr
 borfi og grjóti.

Hús á abúð Óskells böncla Pálssonar:

a jarðarhús Baitstofs 9x6 af. þorlbyggð. Þorjörður og abúð
 9x4 af.; Mennu 9x5 af.; fjör yfir 3 býr; hekkhús yfir
 6 hross; fjör hús yfir 14 kindur. Þótt þessi hús úr borfi og grjóti.

164

b. Hús leigulíða: Fjárhús yfir 100 fjósi, 2 hlöður 60 rúmmál.
Hús á ábúð Matthíasar Helgasonar:

a. Jarðarhús: Þaðlofa Hóllafgölf, 1 á bekk, 6 af breið
Þojarsdyr 6x5 af, hjáltur 6x5 af; fjósi yfir 5 naulgripi
húshús yfir 9 hross; 1 hlöð 72 rúmmál; fjóshús
yfir 30 fjósi.

b. Hús leigulíða: Fjóðar hús úr limbri með slappum
Kjallara 14x9½ af, einlypt 4 af undir loft, 3½ af
undir loft í Kjallara, húsið allt járnuvarit.
Geymslúhús 9x5 af úr limbri þorkl. með járnþaki
1 hlöð með járnþaki 120 rúmmál, 2 hlöður úr
þorkl. 240 rúmmál; fjóshús yfir 120 fjósi, úr þorkl.
Öll þessi þorkl. í Slammastandi.

Hirtka er á jörðinni (bandalirtka)

Mannvirki lídustu 10 ára 370 dagar.

Húgildisör 29

Singumáli: Sandtekult eftir ½ jörðina 200 krónur og leigus
25 þyr. Snjóir.

Sala: ½ jarðarinnar var seldur 1985 fyrir 1600 krónur
Þreimata hultis á jörðinni 25 þyr. Snjóir í leysu.

Mat vorð verður

Jörðin sjálf án húsa og húgildis	á 1/2: 16000,00
Hús jarðvegandi Hjörtans Ólafssonar	" " 2100,00
Hús jarðarinnar á ábúð Ask. Pálssonar	" " 400,00
Hús leigulíða Askelli Pálssonar	" " 150,00
Hús jarðarinnar á ábúð Matth. Helgasonar	" " 500,00
Hús leigulíða	" " 2900,00
Mannvirki á lídustu 10 árum	" " 925,00

Það er áhugavert að Matthías Helgason, tengdasonur Þorsteins, skrifaði einnig dagbók í meira en 60 ár. Dagbækur hans voru notaðar af Þorsteini syni hans sem skrifaði og gaf út æfisögu Matthíasar á árunum 1971-1973: *Minningar Matthíasar á Kaldrananesi*. Fyrsta bindið hét *Að morgni*, annað *Á faraldsfæti* og þriðja *Kvöldrúnir*.

Fólk- og fjöldatala Kaldrananessókn 1917 31. Desember.

Númer	Nafn	Álfur	Stítt	Stítt	Stítt	Stítt
1	Matthías Hilgason	39	húsbóndi	1	1	1
2	Margrjet Þorsteinsd.	37	kona þó	1	1	1
3	Þorsteinn	10		1	1	1
4	Hallgrímur	8		1	1	1
5	Svanborg	4		1	1	1
6	Þorsteinn Guðbrandsson	59	þjáfi húsf.	1	1	1
7	Svanborg Guðbrandsd.	68	Kona þó	1	1	1
8	Soffus S. Magnússon	34	v. m.	1	1	1
9	Guðbjörg Magnúsdóttir	15	v. K.	1	1	1

N. O. S. 10-12

Númer	Nafn	Álfur	Stítt	Stítt	Stítt	Stítt
10	Hjartan Clafsson	40	húsbóndi	1	1	1
11	Ingibjörg Jónsd.	49	Kona þó	1	1	1
12	Ólfríð Kristín	9	þeirra barn	1	1	1
13	Ingibjörg Einarsd.	88	motur húsf.	1	1	1
14	Hallgrímur Jónsson	41	húsbóndi	1	1	1
15	Guðrún Þorsteinsd.	50	Kona þó	1	1	1
16	Engel. Þ. Ingimarsd.	19	homas dótt.	1	1	1
17	Þorbjörg Þorsteinsd.	16	v. m.	1	1	1
18	Þorbjörg Þorsteinsd.	42	húsbóndi	1	1	1
19	Guðrún Jónsd.	44	Kona þó	1	1	1
20	Jón	19		1	1	1
21	Guðrún	18		1	1	1
22	Þórunn	21		1	1	1
23	Guðbjörg	27		1	1	1
24	Jakobína	26		1	1	1
25	Óskar	5		1	1	1
26	Ísa María	3		1	1	1
27	Pjetur	1		1	1	1

Býli Tala N. O. S. 38 aldur Stítt

Manntal í Kaldrananessókn 31. Desember 1918.

Númer	Nafn	Álfur	Stítt	Stítt	Stítt	Stítt
1	Matthías Hilgason	40	húsbóndi	1	1	1
2	Margrjet Þorsteinsd.	38	Kona þó	1	1	1
3	Þorsteinn	10	Börn	1	1	1
4	Hallgrímur	8	þjón	1	1	1
5	Svanborg	5	ama	1	1	1
6	Þorsteinn Guðbrandsson	60	húsf.	1	1	1
7	Svanborg Guðbrandsd.	69	Kona þó	1	1	1
8	Soffus S. Magnússon	35	lausm.	1	1	1
9	Guðbjörg Magnúsd.	15	v. K.	1	1	1
10	Þórunn Magnúsd.	69	þjóningur	1	1	1
11	Hjartan Clafsson	41	húsbóndi	1	1	1
12	Ingibjörg Jónsd.	49	Kona þó	1	1	1
13	Ólfríð Kristín	10	þeirra barn	1	1	1
14	Ingibjörg Einarsd.	89	motur	1	1	1
15	Hallgrímur Jónsson	42	húsbóndi	1	1	1
16	Guðrún Þorsteinsd.	51	Kona þó	1	1	1
17	Ingibjörg Þ. Ingimarsd.	20	homas dótt.	1	1	1
18	Þorbjörg Þorsteinsd.	17	v. m.	1	1	1
19	Þorbjörg Þorsteinsd.	43	húsb.	1	1	1

III Býli

Númer	Nafn	Álfur	Stítt	Stítt	Stítt	Stítt
20	Guðrún Jónsd.	45	Kona þó	1	1	1
21	Jón	20		1	1	1
22	Guðrún	19		1	1	1
23	Þórunn	16		1	1	1
24	Guðbjörg	7		1	1	1
25	Jakobína	6		1	1	1
26	Óskar	5		1	1	1
27	Ísa María	3		1	1	1
28	Pjetur	1		1	1	1
29	Páll	21		1	1	1
30	Erasmus Eymundsson	29	húsbóndi	1	1	1
31	Guðrún M. Þórunnd.	31	Kona þó	1	1	1
32	Tofi Guðmundsson	12	skólabarn	1	1	1
33	Þorsteinn Einarsson	32	húsbóndi	1	1	1
34	Jónína O. Guðmundsd.	31	Kona þó	1	1	1
35	Guðmundína	6	Börn	1	1	1
36	Guðmundur	5	þjón	1	1	1
37	Guðrún	3	ama	1	1	1
38	Andreas Jakob.	2	a	1	1	1
39	María Þorsteinsd.	65	v. K.	1	1	1
40	Guðm. Þorsteinsd.	38	húsbóndi	1	1	1
41	Coma Jónsd.	42	Kona þó	1	1	1
42	Jónna Einar	14		1	1	1

Það er líka áhugavert að spekulera í hvað er ekki í dagbókinni. Venjulega fylgja þeir sem skrifa slíkar bækur mjög föstum reglum varðandi innihaldið, það verður formföst hefð sem sjaldan er bruggið út af. Vettvangur Þorsteins er utanhúss. Það er t.d. næstum ekkert minnst á það sem gera þarf og gert er innanhúss. Fæði og fatnaður er ekki til umræðu.

Ef maður hefði enga heimild nema dagbókina þetta ár, gæti maður ekki metið hversu gamall Þorsteinn væri eða hver fjölskyldutengsl hans eru. Hann nefnir konu sína aldrei á nafn. Eina skiptið sem hún kemst á blað er þegar Magga (dóttir hans) fer til Ísafjarðar með strandferðaskipinu, þá segir hann að mamma hennar hafi gefið henni peninga.

Þorsteinn segir ekki fréttir á landsvísu í dagbókinni og talar mjög lítið um annað fólk, nema þegar það á í samskiptum eða viðskiptum við heimilisfólkið í Kaldrananesi. Þorsteinn varð

sextugur á árinu, á sumardaginn fyrsta, en getur ekki um það í dagbókinni, frekar en önnur afmæli eða hátíðahöld. Aðeins er greint frá messum og jarðarförum sem tengjast kirkjunni á Kaldrananesi, en ekki annars staðar.

Örnefni sem Þorsteinn notar í dagbókinni þetta árið koma nær öll fyrir í örnefnaskrá fyrir Kaldrananes sem Matthías Helgason tók saman og nú er varðveitt hjá Stofnun Árna Magnússonar. Þó má nefna að Þorsteinn talar um Stekkjarsker, en í örnefnaskránni eru Stekkjarflögur. Eins nefnir hann Árnahjalla og Hesthvammaholt sem ekki eru í örnefnaskrá jarðarinnar.

Dagbókin sjálf er hér birt með nútíma stafsetningu og greinarmerkjum bætt við eftir því sem talið er réttast, Þorsteinn fer sparlega með punkta og kommur. Lesið er úr nær öllum skammstöfunum, nema kr. fyrir krónur. Mælieiningin pund (þá hálf kíló) er rituð með tákni í dagbókinni.

Á Þorláksmessu 2018,
Jón Jónsson, þjóðfræðingur á Kirkjubóli.

Myndir

Dagbækur Þorsteins í Landsbókasafni, ljósm. Jón Jónsson.

Mannamyndir eru úr bókinni Strandamenn eftir Jón Guðnason.

Skjáskot af skjölum: Túnakort 1917, Fasteignamat 1918, Sóknarmannatal 31. des. 1917 og 1918.

Heimildir

Óprentuð gögn:

Fasteignamat 1916-1918. Undirmerkt: Strandasýsla. Sótt á heimildir.is 16. desember 2018.

Lbs 3807-3809 8vo. Dagbækur Þorsteins Guðbrandssonar í Kaldrananesi.

Matthías Helgason: Kaldrananes. Örnefnaskrá, varðveitt hjá Stofnun Árna Magnússonar.

Sóknarmannatal 1917 og 1918. Sótt á heimildir.is 15. desember 2018.

Túnakort 1917: Kaldrananestún. Sótt á heimildir.is 23. desember 2018.


Prentaðar bækur:

Jón Guðnason: *Strandamenn*. Reykjavík 1955.

Þorsteinn Matthíasson: *Að morgni. Endurminningar Matthíasar á Kaldrananesi* 1. Reykjavík 1971.

Vefsíður:

Íslendingabók, upplýsingar sóttar á vefinn islendingabok.is, 15. desember 2018.



1918

Janúar

Á nýársdag 1918 var vestan hvass og frostlaust fyrst um morguninn, logn og frost er á daginn leið. Þá var messað, nokkuð margt fólk kom til kirkju. Ingimundur á Bassastöðum borgaði mér kirkjugjald sitt, 2 kr. 25 aura.

Miðvikudagur 2. janúar. Logn og frost nokkuð, austan stormur fyrst um morguninn. Þá fóru þeir presturinn og Ingimundur út að Bjarnarnesi. Ötluðu þaðan inn strönd. Matthías fór yfir að Ásmundarnesi. Sigurður á Ásmundarnesi sendi mér kirkjugjald sitt 1,50 og fyrra árgjald sitt líka, 1 kr. 50.

Fimmtudagur 3. janúar. Vestan ofsaveður, frostlaust.

Föstudagur 4. janúar. Sama veður.

Laugardagur 5. janúar. Norðan hvass með 20 gráðu frosti. Þá var Búbót haldið.

Sunnudagur 6. janúar. Norðan stormur, frostharka yfir 21 gráður. Þá um morguninn var allt orðið fullt af hafís er sást héðan norður og austur í flóann. Þann dag kom Sigurður á Ásmundarnesi.

Mánudagur 7. janúar. Logn með brunafrosti, yfir 20 gráður. Þá kom Jón Júlíus. Hann sagði að hvergi sæist í auða vök um allan flóann hér af brúninni, sem auga eygði. Matthías byrjaði að hleypa til ána.

Þriðjudagur 8. janúar. Logn og þykkviðri. 16 gráðu frost.

Miðvikudagur 9. janúar. Norðan strekkingsvindur með yfir 20 gráðu frosti.

Fimmtudagur 10. Sama veður og frostharka.

Föstudagur 11. janúar. Enn sama veður og frostgrimmd. Þá kom Siggi á Ásmundarnesi að fá mann að sækja lækni fyrir Kristínu á Ásmundarnesi. Fúsi fór í þá ferð.

12 v. vetrar.

Laugardagur 12. Stillilogn og heiðbirta, frostharkan sama. Þá kom Jón í Asparvík og Benedikt eftir nautinu (Matthíasar). Gengu ís frá Asparvík og hingað í Höfðann og fóru með nautið sömu leið til baka. Ísinn var allur orðinn svo samfrosta að fara mátti um hann alls staðar.

Sunnudagur 13. janúar. Norðan strekkingsvindur og frostharka. Þá komu þeir frá Asparvík með nautið, Arngrímur í Reykjarvík kom og Halldór í Bæ. Fúsi kom heim um kvöldið. Áskell borgaði mér kirkjugjald sitt 3 krónur.

Mánudagur 14. janúar. Logn og heiðbirta. Fúsi fór norður að Asparvík með lim úr skilvindunni til aðgerðar.

Þriðjudagur 15. janúar. Logn og heiðbirta, frostharka. Þá fór ég yfir á Hólmavík og þeir Halldór, Áskell og Jón, fórum að Sandnesi og eftir lagís yfir fjörðinn. Ég tók út 50 kr. í

peningum hjá Jóni Finnssyni og 40 kr. 15 aura er inni stóð í kirkjureikningnum. Í Söludeildinni tók ég út 100 pund rúgmjöl er kostaði þá 33 kr. 50 aura, í peningum borgaði ég Guðjóni Guðlaugssyni Lögrétu blaðið 7 kr. 50 aura og til Sigurjóns fyrir bækur 6 kr. 85. Sigvaldi á Sandnesi borgaði mér kirkjugjald 4 kr. 50 aura. Guðmundur Kjartansson 2 kr. og Guðmundur Torfason 0/50 aura. Þennan dag komu þeir frá Asparvík, Jón og Bensi, eftir nauti.

Miðvikudagur 16. janúar. Sama veður, þá komu þeir með nautið frá Asparvík.

Fimmtudagur 17. janúar. Logn og þykkviðri fram á nón, þá norðan stormur, minna frost en undanfarna daga, um 14 gr. Þá fór Fúsi yfir á Hólmavík og fleiri héðan ötluðu að draga matvöruna er út var tekin yfir að Sandnesi. Þangað átti svo að sækja hana eftir hentugleikum. Matthías átti 300 pund rúgmjöl og 100 pund hveiti og ég 100 pund rúgmjöl. Fúsi kom heim um kvöldið. Gugga fór norður að Eyjum að finna foreldra sína, Matthías fór með henni yfir að Reykjarvík.

Föstudagur 18. janúar. Logn og heiðbirta, frostharkan sama. Þá fóru þeir Matthías og Fúsi yfir að Sandnesi eftir matvörunni, höfðu Hörð gamla fyrir sleðanum. Þeir komu heim um kvöldið.

13. v. vetrar.

Laugardagur 19. janúar. Norðan blindsortabylur með grimmdarfrosti.

Sunnudagur 20. janúar. Norðan harðneskjumold með frostgrimmdinni sömu.

Mánudagur 21. janúar. Logn og heiðbirta, frostgrimmdin sama. Þá kom Magnús Andrésen með Guggu sína. Guðmundur frá Bjarnarnesi kom að sækja póstbréf og blöð er þangað átti að fara. Þennan dag slátraði Áskell einni kúnni sinni og Halldór folaldinu sínu.

Þriðjudagur 22. janúar. Logn og hlaðningsmuggukafald er kom fram yfir hádegi. Þá kom Bjarni á Klúku og Guðmundur á Hóli, Arngrímur og Lýður í Reykjarvík komu líka. Arngrímur borgaði mér kirkjugjald sitt 6 kr. 75 aura. Hann afhenti mér kirkjugjald þeirra á Hamri, Guðmundar, Guðbjörns og Jóns Atla, alls 8 kr. 25 aura. Arngrímur kom með 1 fjórðung af fiski er hann gaf mér, 6 pokar voru sóttir af mó (1 ferð).

Miðvikudagur 23. janúar. Logn og heiðbirta, mikið frost. Lýður og Sigurður í Reykjarvík komu eftir ofni er ég átti, er Arngrímur fékk hjá mér lánaðan, 2 ferðar voru sóttar af mó, 12 pokar.

Fimmtudagur 24. janúar. Logn og góðviðri, ekki mjög mikið frost. Þá kom Guðmundur frá Bjarnarnesi að finna Matthías áður en hann færi heim til sín að Þambárvöllum, sagðist ætla á stað heim næsta dag. Ein ferð var sótt af mó, 6 pokar. Eysteinn sendi mér kirkjugjald sitt, 1 kr. 50 aura. Ég borgaði Matthíasi samgirðingargjaldið af skepnum þeim er ég átti í fyrravetur, bæði hér og á Bjarnarnesi, alls 5 krónur.

Föstudagur 25. janúar. Fyrsti þorradagur, logn og þokudimmviðri, lítið frost. Ég fór yfir að Reykjarvík með bréf á póstinn. Fúsi var sendur norður að Asparvík með bréf til Jóns, þess efnis að fá hjá honum lánaða skilvindu. Skilvindan hér bilaði svo ekki var hægt í henni að skilja mjólkina. Jón ætlaði að lána sína og koma með hana inn eftir eftir helgina. Þeir komu hér Jón á Brúará og Benidikt í Asparvík að fá matvöru hjá Matthíasi, er hreppurinn átti hér. Jón Konráðsson kom hingað líka heiman frá sér, var að biðja um spýtur.

14. v. vetrar.

Laugardagur 26. Hæglátur norðan, þokudimma og þykkviðri, mikið frost. Þá kom Sigurður á Ásmundarnesi.

Sunnudagur 27. janúar. Norðan stormur, frost mikið, kafaldskóf og þokudimmviðri.

Mánudagur 28. janúar. Logn og þokudimmviðri, frost mikið. Þá komu þeir Guðmundur og Sigurður frá Reykjavík eftir nauti, komu aftur með það til baka. Benidikt á Brúará kom, 12 þokar voru sóttir af mó. Um kvöldið kom Guðmundur á Kleifum, var hér um nóttina. Hann borgaði mér kirkjugjald sitt 3 kr. 75 aura.

Þriðjudagur 29. janúar. Logn og dimmviðri, þokukóf norðanstormur með skafrenningi um kvöldið. Þá komu þau frá Asparvík Jón Kjartansson og kona hans. Jón kom með skilvinduna sína er hann lánaði hingað. Sigurður á Brúará kom, honum seldi ég 22 pund af kæfu er átti að borgast í harðfiski. 12 þokar voru sóttir af mó og var þá hér um bil búið að draga hann allan heim. Alls voru dregnir heim í vetur 77 þokar.

Miðvikudagur 30. janúar. Austan hvassviðri með skafrenningi, frostlítið. Um morguninn kom Arngrímur í Reykjavík. Hann sagði andlát Magnúsar Andréssonar á Eyjum. Matthías sendi Fúsa yfir að Bæ að fá smíðaða líkkistuna og efnið í hana hjá Jóhanni. Guðjón í Sunndal kom, hann borgaði mér kirkjugjald sitt 3 kr. 75 aura.

Fimmtudagur 31. janúar. Norðan stórviðri með sortabyl og frosthörku.

Febrúar

Föstudagur 1. febrúar. Austan stormur frostlítið, kafald fyrst um morguninn. Fúsi fór yfir á Hólmavík.

15. v. vetrar.

Laugardagur 2. febrúar. Norðan þokukóf, dimmviðri, frostlítið. Þá um morguninn kom Jóhann í Bæ og þrír menn með honum frá Bæ, með líkkistuna er átti að fara utan um Magnús heitinn frá Eyjum. Við Fúsi, Halldór og Jón Áskelsson fórum með hana norður. Kistan var of lítil. Sigurður á Brúará kom með harðfiskinn fyrir kæfuna er ég seldi honum, um 4½ fjórðung. Beni gamli á Ásmundarnesi kom.

Sunnudagur 3. febrúar. Logn og þykkviðri, lítið frost. Þá um morguninn fór Fúsi yfir að Bæ að láta Jóhann vita að líkkistan hefði verið of lítil. Jóhann ætlaði að smíða aðra og lofaði að koma með hana hingað. Jón Kjartansson kom. Borgaði mér 1 kr. af kirkjugjaldi sínu, átti eftir óborgað 3 kr. 50 er ég gaf honum.

Mánudagur 4. febrúar. Austnorðan hvass með harðneskjubyl eftir hádegi.

Þriðjudagur 5. febrúar. Norðan harðneskjuskafmold, mikið frost. Þá kom Jóhann í Bæ með líkkistuna utan um Magnús heitinn, með honum voru þeir sömu frá Bæ er komu með fyrri kistuna, Árni Andrésson, Guðmundur Torfason og Guðmundur Jóhannsson.

Miðvikudagur 6. febrúar. Hæglátur norðan, frostharka og bjartviðri. Þá fór Matthías, Halldór, Áskell og 3 menn frá Reykjavík yfir á Hólmavík með Kristínu á Ásmundarnesi í Sjúkraskýlið. Þeir komu heim um kvöldið. Ég sendi með Matthíasi 45 kr. er ég lagði inn á Sparisjóðinn. Reikning minn fékk ég frá Jóni Finnssyni.

Fimmtudagur 7. febrúar. Logn og þokuþykkviðri, mikið frost, fram yfir miðjan dag, þá ofsahvass austan og skafrenningur. Guðjón í Kaldbak kom, var hér um nóttina. Hann var að fá matvöru út úr hreppsreikningunum hjá Matthíasi.

Föstudagur 8. febrúar. Ofsaaustanveður, frost lítið. Um morguninn kom Arngrímur í Reykjavík og synir hans 3 að sækja líkkistuna, fóru með hana norður að Eyjum og komu aftur til baka um kvöldið með líkið á kirkjuna.

16. v. vetrar.

Laugardagur 9. febrúar. Hvítalogn og frostlaust, milt veður. Þá kom Sigurður á Ásmundarnesi og Þorbjörg á Hóli. Fúsi skaut stóran látursel fram á ís, er var þar að skreiðast, komst hvergi í vök. Hann var grúthoraður orðinn af hungri og vesæld, á honum 3 fjórðungar spikþjóttu. Matthías borgaði Fúsa fyrir selinn (drápshlut) 15 krónur, selurinn var verðlagður allur 30 krónur.

Sunnudagur 1. í föstu, 10. febrúar. Austan hvass, frostlítið, þokukóf, svælingsmold um kvöldið. Þeir komu frá Brúará, Jón og Benidikt eftir nauti og með það aftur til baka. Ég afhenti Halldóri 2 kr. af lestrarfélagstillagi og 4 kr. hafði hann veitt móttöku frá félagsmönnum, alls þá búinn að taka á móti 33 krónum.

Mánudagur 11. febrúar. Logn og bjartviðri, frost talsvert. Þá komu Andrés á Bakka og Sigríður á Brúará. Henni gaf ég 5 merkur af mör. Um kvöldið fór Fúsi upp á Tófuhjalla og skaut þar móræuða tófu.

Þriðjudagur 12. febrúar. Logn og myrkviðrisþoka um morguninn, frost talsvert, þykkviðri allan daginn. Fúsi fór yfir að Sandnesi eftir 50 pund af saltfiski er Sigvaldi lét Matthías fá.

Miðvikudagur 13. febrúar. Logn og milt veður fram undir nón, eftir það suðvestan stormur, frostlaust. Þau hjónin og börnin öll fóru yfir að Reykjavík. Ingimundur á Hóli kom.

Fimmtudagur 14. febrúar. Vestan stormur með kafaldséljum frost lítið. Þá sást í auðan sjó héðan norður í flóanum og yfir flóann sem sást.

Föstudagur 15. febrúar. Vestan froststormur fram yfir nón, þá norðan hvass og kafald um kvöldið, aftaka vestanrok var um nóttina fyrir. Um kvöldið komu jarðamatsmennirnir norðan úr Árneshreppi, Guðjón Guðlaugsson, Jón Finnsson og séra Jón Brandsson. Séra Guðlaugur og Ingimundur á Bassastöðum komu líka um kvöldið og voru þeir hér um nóttina prestarnir, Jón Finnsson og Ingimundur, en Guðjón gisti í Kjartans húsi. Torfi litli á Bjarnarnesi kom að sækja póstblöð og bréf að Bjarnarnesi.

17. v. vetrar.

Laugardagur 16. febrúar. Blindsorta útsynningur um morguninn og með vondum éljum á milli allan daginn. Um morguninn kom Arngrímur á Reykjavík og synir hans 3, Lýður, Magnús og

Guðmundur og frá Eyjum, Loftur, Rósa og Efemía, og Magnús á Kleifum. Þessir 6 karlmenn fóru að taka gröfina að Magnúsi sáluga Andrésyni. Byrjuðu fyrir hádegi, voru ekki búnir í rökkri, klakinn var yfir 2 álnir. Blindöskuútsinningsbylur með ofsaveðri var um kvöldið svo grafarmennirnir urðu að hætta við að taka gröfina. Um nóttina gistu hér presturinn, Ingimundur á Bassastöðum, Rósa á Eyjum, Efemía, Bjarni á Bæ, Guðrún Magnúsdóttir í Bæ og Bóas litli á Ásmundarnesi. Jarðamatsmennirnir fóru héðan um hádegisbilið yfir Helluháls, ötluðu að koma hingað aftur næsta þriðjudag.

Sunnudagur 17. febrúar. Austan blindsortabylur um morguninn með ofsaveðri, birti fyrir hádegi og gjörði logn um miðjan daginn, suðvestan stormur og frostlaust seinnipart dagsins. Þegar veðrið batnaði var farið að taka það eftir var af gröfinni og jarðað eftir hádegið. Allir sem aðkomandi voru, fóru á stað heim til sín.

Mánudagur 18. febrúar. Hæglátur vestan stormur með smá éljum, frost mikið.

Þriðjudagur 19. febrúar. Austan hvass, frostlaust um kvöldið, skafmold framan af deginum. Torfi litli á Bjarnarnesi kom, fór yfir að Reykjarvík. Seinnipart dagsins kom fasteignamatsnefndin, var hér um nóttina.

Miðvikudagur 20. febrúar. Útsinnings hlaðningskafald, ekki mjög hvass. Þá eftir miðjan dag fóru þeir héðan á stað heim til sín, jarðamatsmennirnir. Arngrímur í Reykjarvík, Benjamín á Ásmundarnesi og Guðbjörn í Hamri komu hér.

Fimmtudagur 21. febrúar. Logn og bjartviðri fram yfir nónn, eftir það austan stormur og kafaldsfjúk.

Föstudagur 22. febrúar. Logn og dimmviðri, lítið frost. Þá kom Loftur á Eyjum og Jón á Brúará handan af Hólmavík.

18. v. vetrar.

Laugardagur 23. Vestan hvass með sortamoldéljum, mikilli snjókomu. Þá kom Ingimundur á Hóli.

Sunnudagur (fyrsti í Góu) 24. febrúar. Sortamoldbylur af útsinning allan daginn. Þá kom Arngrímur í Reykjarvík handan af strönd. Þá fékk ég reikning minn frá Jakobínu á Hólmavík.

Mánudagur 25. febrúar. Blindsorta norðanbylur með afspyrnuveðri.

Þriðjudagur 26. febrúar. Útnorðan harðneskjubylur fram á hádegi, eftir það hægur og kafaldslaust, bjartviðri og frost mikið. Sigurður á Ásmundarnesi kom að sækja naut. Kom með það aftur til baka.

Miðvikudagur 27. febrúar. Útnyrðings kuldastormur með skafrenning fram á nónn, eftir það kafaldslaust. Þá um morguninn fór Matthías yfir að Hafnarhólmi og út strönd að Bæ að vita um kornmatvörubirgðir á þessum bæjum eftir skipun frá landstjórninni og afhenda matvöru- og sykurseðla til þeirra er ekki áttu til 4ra mánaða. Hreppsnefndarmennirnir hinir fóru um aðra hluta hreppsins í sömu erindagjörðum. Matthías kom aftur um kvöldið eftir háttatíma. Arngrímur í Reykjarvík kom.

Fimmtudagur 28. febrúar. Vestan stormur og skafrenningur á milli, sólskin og bjartviðri. Þá kom Ingimundur á Hóli með matvöruforðaskýrslu þeirra Bjarnfirðinga til Matthíasar, er sendast átti úr öllum hreppum suður til stjórnarráðsins.

Mars

Föstudagur 1. mars. Vestan stormur með illviðraskúrum framan af deginum. Frostlaust allan daginn.

19. v. vetrar.

Laugardagur 2 mars. Logn og muggukafald fram á hádegi, eftir það vestan stormur og skafrenningur, frostlítið. Þá kom Bjarni á Klúku að fá mat út úr hreppsreikningum. Fúsi fór með honum frameftir að bera fyrir hann.

Sunnudagur 3. mars. Hvítalogn og frostlítið fram á miðaftan, þá austan hvass og skafrenningur. Um morguninn fóru þau hjónin Matthías og Magga yfir á Hólmavík og Jón Áskelsson með þeim. Matthías fór með kornmatarvörubirgðaskýrslu allra í hreppnum er átti að sendast til stjórnarráðsins. Magga ætlaði að láta lækurinn taka úr sér þau tannabrot er eftir voru. Þau komu ekki heim um kvöldið. Fúsi fann hvítu tófu er hann skaut á fyrir nokkrum dögum og missti þá í urð, en fann þá ekki.

Mánudagur 4. mars. Vestan stórviðri, frostlaust og sólskin á milli. Á áliðnum degi gerði bleytukafaldsél og frost um kvöldið. Austan fannspýja hafði verið framan af nóttinni fyrir. Um kvöldið komu þau heim, hjónin og Jón Áskelsson.

Þriðjudagur 5. mars. Vestan stórviðri fram á hádegi, eftir það logn og milt veður, sólskin á milli. Þá slátraði Matthías nautkálfinum. Kjöt af honum var 180 pund. Fúsi fór yfir að Bæ með skilvinduna til aðgerðar, til Guðmundur Magnússonar. Þennan dag fór Áskell með 16 kindur til fóðurs að Bassastöðum, hélt sig heytæpan mundi verða, ef hagleysa og harðindi héldust fram yfir sumarmál. Áskell lét mig fá ein leðurskæði, vildi ekki setja neitt verð á þau.

Miðvikudagur 6. mars. Stillilogn og sólskin allan daginn. Besta veðrið er komið hafði á þessum vetri. Þá kom Beni gamli á Ásmundarnesi og þau hjónin frá Bæ, Guðmundur Torfason og Anna. Fúsi fór yfir á Hólmavík eftir sykri. Hann fór með bógana af nautinu, annan til Jóneyjar en hinn til Guðnýjar, Magga sendi þeim þá.

Fimmtudagur 7. mars. Logn og þykkviðri, milt veður. Þá kom Eyjólfur á Hrófá og Jón Konráðsson og Þorbjörg kona Eyjólfs. Hún var lasin, ætlaði að vera hér hjá systur sínum tíma. Jón fékk spýtukubb hjá þeim bændunum hér, er hann ætlaði að draga yfir að Hafnarhólmi, átti að fara í bátsborð. Þórólfur í Sunndal kom.

Föstudagur 8. mars. Hæglátur sunnan stormur, frostlaust. Þá kom Ólafur á Valshamri, fór út að Bjarnarnesi og hingað aftur, var hér um nóttina. Matthías fór með honum úteftir.

20. v. vetrar.

Laugardagur 9. mars. Austan hvass og frost. Ólafur Þórðarson fór héðan á stað heim til sín. Fór yfir að Bæ að biðja Guðmund að saga fyrir sig við er hann keypti af Eysteini. Pósturinn kom frá Bassastöðum.

Sunnudagur 10. mars. Suðaustan hvassviðri, frostlítið er á daginn leið og suðvestan rosaveður. Jón Júlíus kom að fá matvöru út úr hreppsreikningum.

Mánudagur 11. mars. Austan hvass, bleytuhlaðningskafald er á daginn leið. Logn var fyrst um morguninn. Guðmundur Jón í Reykjavík kom og Jón á Brúará, að sækja matvöruheila til að fara með inn á Hólmavík. Helga á Klúku kom að fá fyrir föður sinn ávísunarseðil upp á matarúttekt úr hreppsreikning.

Þriðjudagur 12. mars. Vestan stórviðri með kafaldséljum er á daginn leið. Þá komu Benidikt í Asparvík og Sigurður á Ásmundarnesi báðir að fá hjá Matthíasi ávísunarseðla í hreppsreikninginn. Þorbjörg á Hóli og stóra Imba komu líka.

Miðvikudagur 13. mars. Suðvestan ofsaveður með krapaskúrum, frostlaust.

Fimmtudagur 14. mars. Vestan stórviðri með sortaéljum, sólskin á milli.

Föstudagur 15. mars. Vestan hvass, frostlaust, sá til sólar á milli.

21. v. vetrar.

Laugardagur 16. mars. Stillilogn og þykkviðri (blíðviðri). Þá fór ég yfir að Drangnesi og Bæ. Jóhann í Bæ borgaði mér kirkjugjald sitt 4 kr. 50 og Jón á Drangnesi sitt kirkjugjald 3 kr.

Sunnudagur 17. mars. Sama blíðviðri og daginn áður. Þá komu Reykjavíkurhjólin og stúlkur tvær þaðan, Guðmundur á Hóli kom líka.

Mánudagur 18. Austan hæglátur stormur, frostlítið, sá til sólar á milli. Þá afhenti ég Halldóri 1 kr. tillag frá einum lestrarfélagsmanni og aðra hafi hann tekið á móti frá öðrum félagsmanni, þá alls búinn að veita móttöku 35 krónum. Fúsi fór út að Bjarnarnesi með fundarboð er átti að ganga inn strönd. Boðað var til fundar hingað næstkomandi fimmtudag til að kjósa mann á verslunarfélagsfund í söludeildinni á Hólmavík 25. þessa mánaðar.

Þriðjudagur 19. mars. Austan hæglátur, þykkviðri og frost. Þá kom Guðjón í Kaldbak að fá ávísunarseðil á hreppsreikninginn. Magga og þær konurnar, Imba og Gugga, fóru yfir að Ásmundarnesi. Þennan dag bar ein tvævetlan mórauðri gimbur og var hún látin heim í fjós með lambinu, en 2 lömb er þar voru alin í vetur látin ofan í hús til hinna gemlinganna.

Miðvikudagur 20. mars. Logn framan af deginum og frost dálítið. Seinnipart dagsins austan stórviðri, frostlaust. Siggí á Brúará kom, fór út að Bjarnarnesi. Kom hér til baka um kvöldið og var um nóttina.

Fimmtudagur 21. mars. Logn og sólskin fram á hádegi, eftir það austan stórviðri, frost og þykkviðri. Þá var haldinn fundur, milli 10 og 20 voru er mættu á fundinum. Kosnir voru fulltrúar á verslunarfélagsfundinn á Hólmavík, Matthías og Halldór. Ingimundur á Hóli gjörði hér hey og fjárskoðun. Matthías átti 211 álnir úthey og 80 álnir töðu, á því voru 3 kýr, 9 hross

með folaldinu og 153 fjár. Vigdís í Bæ kom með skilvinduna er í aðgerð var hjá Guðmundi Magnússyni. Aðgerðin átti að kosta 10 pund mör.

Föstudagur 22. mars. Austan hæglátur og hlaðningskafald fram yfir hádegi, eftir það skafrenningur, hvass og kaldur.

22. v. vetrar

Laugardagur 23. mars. Logn og kafaldsmugga fram undir hádegi, dimmviðri allan daginn. Þá fórum við Matthías, Halldór og Áskell, yfir á Hólmavík á þingmálafund er Magnús læknir boðaði til. Við vorum á Hólmavík um nóttina.

Sunnudagur 24. mars (Pálmásunnudag) var logn og bjartviðri fyrripart dagsins. Þá komum við Áskell heim, en þeir Matthías og Halldór biðu til að vera á verslunarfélagsfundinum er átti að halda næsta dag.

Mánudagur 25. mars. Vestan froststormur, bjartviðri er á daginn leið.

Þriðjudagur 26. Suðvestan stormur, frostlaust með skúrum fram yfir hádegi, eftir það norðan hvass með frosti og kafaldssvæling. Þeir Matthías og Halldór komu heim af félagsfundinum.

Miðvikudagur 27. mars. Norðan hvassviðri með miklu frosti. Harðnesjukafald um morguninn. Um kvöldið kom presturinn og Ingimundur á Bassastöðum. Þá um kvöldið fór gufuskipið „Sterling“ inn flóann til Hólmavíkur, fyrstu strandferð á árinu frá Reykjavík að vestan.

Fimmtudagur 28. mars. Logn og dimmviðri, frost og kafaldsmyglingur er á daginn leið. Ekki var messað, fólk kom ekki til kirkju.

Föstudagur 29. mars. Harðneskju norðanbylur með frosti, hvassviðri, dálítið bjartari er á daginn leið. Þeir fóru á stað heim til sín, presturinn og Ingimundur.

23. v. vetrar.

Laugardagur 30. mars. Norðan hvass með miklu frosti, dimmviðri. Fúsi fór yfir á Hólmavík að sækja kaffi er selt var af landssjóðsvörunni. Ég keypti 3 pund. Fúsi fór með tófuskinnin sín, seldi Guðjóni þau, fékk 40 kr. fyrir hvíta skinnið, óákveðið hvað hann fengi fyrir það mórauða.

Á páskadaginn 31. mars. Sama harðneskju hvassviðrið og frostið. Var þá fjörðurinn allur orðinn lagður út í Hörsey og úr Höfðanum fram í Æðarsker og út með allri strönd.

Apríl

Annan dag páska 1. apríl. Norðan hvass og kaldur. Þá komu frá Bæ þau hjónin, Guðmundur og Anna, Árni Andrésson og Halldór. Árni borgaði mér 9 kr. er ég átti hjá honum eftir af kæfuverðinu, er hann keypti af mér í vetur. Fúsi fór yfir að Bæ með gömlu skilvinduna okkar Perfekta. Guðmundur Magnússon ætlaði að reyna að gera við hana.

Þriðjudagur 2. apríl. Logn og þykkviðri, frost lítið, milt veður, sólskin eftir miðaftan og heiðbirta og frost. Bjarni á Bassastöðum kom með pósthönd og bréf. Arngrímur í Reykjavík kom. Hann kom með 62 pund af söltuðum fiski og ýsu frá Sigurði Kristjánssyni frá Gjögri fyrir

mör er ég lét hann fá í fyrravetur (20 pund). Arngrímur hafði tekið það á Eyjum. Hann kom með líkkistuna er átti að fara utan um Magnús heitinn Andrússon er við fórum með norður að Eyjum í vetur, og of lítil var. Ég tók hana til geymslu í kirkjuna.

Miðvikudagur 3. apríl. Vestan hvass með bleytukafaldséljum allan daginn. Þá felldi ég rauðmaganet, 15 faðma stúf.

Fimmtudagur 4. apríl. Logn og sólskin. Þá frost mikið, slaknaði lítið fyrir dyrum hádaginn. Guðjón í Sunndal kom, fór yfir að Bæ. Ég byrjaði á að ríða selanet úr garni er Matthías keypti vestur á Ísafirði og fékk sent með Sterling. Pundið af því kostaði 5 kr. 40 kr. 8 pund er hann fékk. Kjartan slátraði fola á öðrum vetri er var að dragast upp af lungnaveiki.

Föstudagur 5. apríl. Austnorðan stórviðri með frosti og kafaldskófi. Guðjón í Sunndal kom, var hér um nóttina.

24. v. vetrar.

Laugardagur 6. apríl. Norðan hvass, frost mikið og kafaldskóf fram yfir hádegi, eftir það heiðbirta kafaldslaust.

Sunnudagur 7. apríl. Logn og þykkviðri fram yfir nón, þá gjörði austan hvassviðri með bleytukafaldssortabyl. Birti yfir miðaftan og gjörði þá stórvíðri fram yfir háttatíma. Um morguninn fór Magga og þær konurnar úr Kjartanshúsi yfir að Hafnarhólmi, þær komu heim um kvöldið og Jón Konráðsson með þeim. Fóru frá Hafnarhólmi í moldinni út að Bæ og svo þegar birti kafaldið, þar norður yfir hálsinn. Guðrún Jörundardóttir og Ólöf litla Gestardóttir komu hingað áður en kafaldið kom og voru hér um nóttina. Fúsi fór út að Bjarnarnesi með hreppfundarboð frá Matthíasi.

Mánudagur 8. apríl. Logn og gott veður fyrst um morguninn, vestan í áttinni. Nokkru fyrir hádegi skall á norðan ofsaverður með talsverðu frosti og stórkafaldi. Fúsi fór með þeim Guðrúnu Jörundardóttir og Ólöfu yfir að Bæ. Gunnu gaf ég 4 pund af mör og Magga gaf henni 1 fjórðung af kjöti.

Þriðjudagur 9. apríl. Logn og sólskin. Hörkufrost svo ekki slaknaði fyrir dyrum og sjófröst svo mikið að allur fjörðurinn var í ísmauki fram fyrir Höfða og Æðarsker og út með allri strönd. Fúsi fór fram að Hóli með bréf á póstin.

Miðvikudagur 10. apríl. Suðvestan stórviðri, frostlaust er á daginn leið og illviðrisfrassi. Þá rak lagísmaukið af fjörunum svo féð var látið í fjöru og dálítil heygjöf dregin af því. Skjóni gamli var tekinn úr hesthúsinu og látinn í fjósið, en lambærin sem í fjósinu var, var látin ofan í hús. Var lambið þá þriggja vikna.

Fimmtudagur 11. apríl. Vestan hvass með miklu illviðri um morguninn, um dagmálabil gjörði austnorðan stórviðri með frosti og sortakafaldi, mikilli fannkomu allan daginn. Þá bar ein ærin er Matthías átti hvítu hrútlambi.

Föstudagur 12. apríl. Norðan stormur brunafrost (11 gráður hádagurinn), harðneskju skafkafald um morguninn. Fjörðurinn og allar vikur hér út með fullar af lagnaðarísmauki.

Engin skepna fór út úr húsi. Þá bar ein ærin sem ég átti hvítu hrútlambi. Þessi bæði nýfæddu lömb voru tekin undan ánum, en þó hugsað að reyna að ala þau.

25. v. vetrar.

Laugardagur 13. apríl. Mold útsynningur allan daginn, frostlítið um kvöldið. Þá bar ein ær er Matthías átti (hvít gimbur) lambið tekið undan, látið til hinna er fædd voru.

Sunnudagur 14. apríl. Suðvestan hvassviðri, frostlaust um miðjan daginn, frost um morguninn og aftur um kvöldið er sól lækkaði á lofti og þá með moldsortaeljum.

Mánudagur 15. apríl. Logn og þykkviðri fram yfir nónn. Þá austanstormur, frost og kuldi. Einar á Sandnesi kom með bréf til Matthíasar frá Sigvalda. Arngrímur í Reykjarvík og Jón á Brúará komu. Jón í þeim erindagjörðum að fá matvöru út úr hreppsreikningum fyrir skepnur sínar, sagðist vera við það að verða heylaus. Þá um kvöldið bar ein ærin mín hvítum hrút, þá orðnir 4 heimalningarnir er átti að reyna að ala.

Þriðjudagur 16. apríl. Austan kuldastormur, frost og þykkviðri. Logn og kafaldsmugga um morguninn. Þá dó eitt heimalningslambið úr verk er í það kom.

Miðvikudagur 17. apríl. Hæglát austan gola, þykkviðri, ekki mjög mikið frost. Þá kom Jón gamli Strandfells.

Fimmtudagur 18. apríl. Suðvestan stormur, frostlaust, allgóð hláka um kvöldið, rokveður vestan. Jóhann í Bæ og drengir hans komu að sækja líkkistuna er hér var geymd.

Föstudagur 19. apríl. Suðvestan stormur og góð hláka, hvítalogn er á daginn leið. Þá var lagt fyrir hrognkelsi, 2 netstúfar.

26. v. vetrar.

Laugardagur 20. apríl. Sunnan hláka, leysing góð, þá var haldinn hér hreppsfundur. Flest allir hreppsændur komu á fundinn. Matthías vitjaði um netin, fékk í þau 13 rauðmaga og 2 grásleppur.

Sunnudagur 21. apríl. Sama veður, þá fengust 13 rauðmaga og var þá lagt eitt grásleppunet til viðbótar inn hjá Hörsey. Árni Andrésón í Bæ kom að fá matar- og sykurseðla fyrir sig.

Mánudagur 22. apríl. Suðaustan stormur, sólskin fram á hádegi. Góð hláka allan daginn. Þá fengust 6 rauðmaga og 1 grásleppa í netin.

Þriðjudagur 23. apríl. Logn og sólskin. Besta leysing. Þá fékkst í netin 20 rauðmaga og 6 grásleppur. Þá var kindunum vísað framfyrir á þúfnahnjóta er upp voru farnir að koma á Pálshjallanum og um hjallarendurnar fyrir neðan Folaldahvammana.

Miðvikudagur 24. apríl (síðasti vetrardagur). Logn og úrfelli allan daginn. Þá aflaðist 17 rauðmaga og 4 grásleppur. Andrés á Bakka kom, með bréf til Matthíasar frá Bjarna í Skarði. Jón Ottóson kom með póstin frá Bassastöðum. Kindunum var vísað framfyrir á sömu hnjóta og daginn áður, hvergi gat heitið að sæist til jarðar nema holtarendur sem ekkert gras er á. Hestarnir voru látnir út fyrir og ekki gefið um morguninn. Það var farið að leysa dálitið af sjóargrundunum og töngunum hér heiman til á ströndinni. Hestarnir voru búnir að standa

inni allan veturinn, teknir á hús og hey þriðjudag fyrsta í vetri, aldrei síðan fengið hagsnöp. Féð var tekið á hús og hey fyrir vetrarnætur (23. október) og algjör innistaða á því að heita má síðan, þar til að þessi bati kom nú fyrir viku. Er þetta sá gjafafrekasti vetur hér á fé og hrossum er ég man til að verið hafi hér áður.

Á sumardaginn fyrsta var suðvestan stormur og sólskin, góð leysing, logn fram undir hádegi, frostlaust strax um morguninn. Þá aflaðist 27 rauðmagar og 4 grásleppur.

Föstudagur 26. apríl. Logn og sólskin er á daginn leið, frost og þykkviðri um morguninn. Þá komu þeir frá Reykjavík og Brúará á bát hingað, ötluðu inn í kaupstað að sækja síldarmjöl er nýlega var komið til Hólmavíkur. Matthías og Halldór fóru með þeim héðan, þeir komu aftur um kvöldið. Matthías tók 600 pund af þessu síldarmjöli og Kjartan jafn mikið, en Áskell 200 pund. Þá aflaðist af hrognkelsum 34 rauðmagar og 6 grásleppur.

Laugardagur 27. apríl. Austan hvass fram yfir miðjan dag, logn er á daginn leið. Sólskin, frost um morguninn. Þá aflaðist 71 rauðmagi og 20 grásleppur.

Sunnudagur 28. apríl. Logn og þoka fram á hádegi, eftir það sólskin, logn allan daginn. Þá aflaðist 55 rauðmagar og 10 grásleppur.

Mánudagur 29. Hvítalogn og blíðviðri fram á hádegi, eftir það suðvestan stormur. Þá fór Fúsi yfir að Bæ með hrúta Matthíasar (fjóra). Þeir Bæjarbændur ötluðu að taka þá af honum í Grímsey. Arngrímur í Reykjavík kom með sína hrúta er yfir fóru líka í Eyjuna og Halldór hér lét sinn hrút. Afli var þennan dag 30 rauðmagar og 4 grásleppur.

Þriðjudagur 30. apríl. Stillilogn og blíðviðri, sólskin á milli, mikil leysing. Þá aflaðist 44 rauðmagar, 8 grásleppur.

Maí

Miðvikudagur 1. maí. Stillilogn og blíðviðri fram á nón, eftir það innlagnarstormur, þykkviðri allan daginn. Þá aflaðist 41 rauðmagi, 17 grásleppur. Elínbjörg og Loftur litli á Eyjum komu handan af strönd og voru flutt héðan yfir að Reykjavík.

2. v. sumars.

Fimmtudagur 2. maí. Austan stormur, frostlaust og þykkviðri. Þá var byrjað að slóðadraga túnið. Vitjað var um netin, fengust 88 rauðmagar og 16 grásleppur.

Föstudagur 3. maí. Stillilogn, sólskin og blíðviðri. Þá aflaðist 112 rauðmagar og 16 grásleppur. Um kvöldið kom Þorbjörg á Hóli, ætlaði að vera hér 3-4 vikur, meðan Magga væri að heiman, hún hafði í huga að ferðast með strandferðaskipinu „Sterling“ til Ísafjarðar. Skipið væntanlegt 6. þessa mánaðar. Bjarni á Klúku kom utan frá Bjarnarnesi, var hér um nóttina.

Laugardagur 4. maí. Sama veðurblíða. Þá fór Fúsi yfir á Hólmavík með ferðakoffort Möggu, fór með Sigurði á Brúará á bát, hann ætlaði vestur með skipinu. Fúsi kom heim um kvöldið, þá aflaðist 67 rauðmagar, 13 grásleppur. Arngrímur í Reykjavík kom og drengur frá Bakka með Eyjaaksjónsauglýsinguna. Anna í Eyjum ætlaði að láta halda uppboð á búi sínu 13. þessa

mánaðar og hætta að búa, en Loftur á Sandnesi að taka við jörðinni. Þennan dag bar kýrin Skrauta, en heildist ekki, leið heldur illa.

Sunnudagur 5. maí. Logn og myrkur af þoku (sjólæða), sá til sólar allan daginn. Þá aflaðist 70 rauðmagar, 12 grásleppur.

Mánudagur 6. maí. Austansláttur, myrkur af þoku fram á hádegi, eftir það þokulaust og þykkviðri. Um morguninn fóru þau hjónin yfir á Hólmavík. Þá var áætlunardagur strandferðaskipsins er Magga ætlaði með til Ísafjarðar. Ég lét hana hafa 60 kr. er hún átti að kaupa fyrir ýmislegt á Ísafirði og mamma hennar gaf henni 50 kr. og frá sjálfri sér hafði hún 400 kr. alls 510 kr. Matthías kom heim um nóttina, skipið var ókomið til Hólmavíkur, þeir þar vissu ekki hvar það mundi vera, hafi farið af Blönduósi um miðjan dag á sunnudag. Í netin fékkst 25 rauðmagar og 6 grásleppur.

Þriðjudagur 7. maí. Logn og sólskin fram á hádegi, eftir það austan gjóla og sótsvört þoka. Þá aflaðist 60 rauðmagar, 16 grásleppur. Þann dag var húsið gjört hreint.

Miðvikudagur 8. maí. Logn og myrkviðrisþoka fram undir nón, eftir það innlögn, þokulaust og sólskin. Þá aflaðist 53 rauðmagar, 11 grásleppur. Eftir að þokuna birti sást „Sterling“ fara inn flóann.

3. v. sumars.

Fimmtudaginn 9. maí (uppstigningardagur) var logn og þokubýkkviðri framan af deginum, innlögn er á daginn leið og sólskin á milli. Matthías var hjá fénu. Var það fyrsti dagurinn er verið var yfir því. Fúsi var að leita að 4 kindum er voru búnar að vanta nokkra daga, fann þær.

Föstudagur 10. maí. Logn og þokubýkkni, sólskin þó á milli. Þá um morguninn fór Fúsi yfir á Hólmavík að vita hvort skipið væri komið af innhöfnunum. Átti að vera í uppskipun ef það væri komið eða við það að koma. Við Steini litli vorum hjá fénu. Í netin aflaðist 73 rauðmagar, 20 grásleppur. Fúsi kom heim um háttatíma, sagði að skipið hefði komið eftir nónið. Hann fékk ekki uppskipunarvinnu af því svo margir voru komnir fyrir.

Laugardagur 11. maí. Austan sláttur, sólskin. Þá um morguninn kom Ingimundur á Hellu og Loftur á Sandnesi, Jóhann í Bæ. Þeir voru fluttir yfir fjörðinn. Þeir ötluðu norður að Eyjum að taka þar út af Önnu í hendur Loftar á Sandnesi er ætlaði að fara að búa á hennar eign á Eyjum. Þá aflaðist 21 rauðmagi og 9 grásleppur. Við Steini vorum hjá fénu. Fúsi byrjaði að rista ofan af bletti í veitunni.

Sunnudagur 12. maí. Logn og sólskin fram á hádegi, eftir það innlagnargjóla og myrkviðrisþoka. Við Matthías og Fúsi fórum út á strönd að færa saman viðarrusl, rafta og eldivið, er Matthías ætlaði að selja Ólafi á Valshamri raftana, en Jóni Finnssyni eldiviðinn. Þá komu 2 drengir sunnan úr Geiradal, synir Guðlaugs á Þambárvöllum, voru fluttir yfir fjörðinn. Ætluðu að Eyjum á uppboðið, um kvöldið komu Ólafur á Valshamri, Halldór í Tungu, Magnús á Kálphanesi, Sigvaldi á Sandnesi og Guðmundur á Kleifum. Þessir allir voru hér um nóttina, ötluðu norður að Eyjum á uppboðið.

Mánudagur 13. maí. Norðan stormur og kaldi. Garður til flóans. Þá um morguninn fóru þeir næturgestirnir á bát héðan norður að Eyjum og Fúsi héðan úr húsinu, Áskell og þær systur Imba og Þorbjörg. Ekki var vitjað um netin. Við Steini vorum hjá fénu.

Þriðjudagur 14. maí. Logn um morguninn, fram yfir hádegi. Þá gjörði austan stórviðri með krapaillviðri miklu. Um morguninn fyrir fótaferðartíma komu þeir af Eyjauppboðinu, Ólafur á Valshamri, Sigvaldi og Loftur á Sandnesi og Guðmundur á Kleifum. Ólafur fór út að Bjarnarnesi. Kom hingað aftur um kvöldið og var um nóttina. Þeir bændurnir hér og ég fórum inn í ey að setja upp hræður. Fáeinar æður voru orpnar. Netin voru öll tekin upp, í þeim var 48 rauðmagar, 23 grásleppur.

Miðvikudagur 15. maí. Austan stórviðri fram á hádegi og ofanfallsrigning eftir það, sólskin og hæglætis stormur, leysing afar mikil. Þá fór Ólafur á Valshamri héðan og Fúsi með honum yfir á Hólmavík. Hann kom heim seint um kvöldið.

4. v. sumars.

Fimmtudagur 16. maí. Austan sláttur, þokuslæðingur (sólskin). Þá var lagað til í skerjunum. 2 æður voru orpnar í Æðarskeri. Matthías lagði nokkuð af netunum. Ég var hjá ánum og báðir drengirnir. Gemlingunum var sleppt út fyrir um morguninn. Fúsi var að rista ofan af, en Matthías að slóðadraga á túninu seinni hluta dagsins.

Föstudagur 17. maí. Logn og sólskin fram á nón, eftir það innlagnarstormur. Við Halli vorum hjá ánum, vitjað var um netin. Í þau fékkst 12 rauðmagar, 13 grásleppur. Matthías var að keyra úr safnþrónni ofan á Veitu, Fúsi að rista ofan af, en Gugga og Steini að raka um í upptúninu.

Laugardagur 18. maí. Austan garður, hvassviðri. Þá var Matthías hjá fénu, ég var að laga til í Hörseyinni, setja þar upp hræður og laga til hreiður. Presturinn kom um kvöldið. Kom norðan frá Árnesi, var þar að jarðsyngja Karólínu heitna frá Reykjarfirði.

Sunnudagur 19. maí. Hvítasunnudagur. Austan stormur með stórskúrum, en sólskin á milli. Ekki var messað, enginn kom til kirkju. Þá var fénu sleppt og smalað.

Mánudagur 20. maí. Logn og úrfelli um morguninn. Suðvestan stormur og sólskin á milli eftir hádegi. Presturinn fór á stað heim til sín. Það var ekki messað, enginn kom til kirkju. Fénu var sleppt og ekki látið inn um kvöldið. Hestarnir reknir fram á eyrar og látnir þá fyrst liggja úti, nema Skjóni gamli var hafður heima og hýstur. Voru þá hestarnir búnir að vera í húsi í 29 vikur, lengst af við fulla gjöf, en féð hafði þá verið á gjöf 30 vikur. Vitjað var um netin, í þau fékkst 22 rauðmagar og 24 grásleppur.

Þriðjudagur 21. maí. Logn og sólskin, hiti og blíða. Þá fór Matthías yfir á Hólmavík, símaði til konu sinnar vestur á Ísafjörð, var hún þá búin að fá í sig tennur hjá tannlækninum. Matthías kom heim um kvöldið, ég fór í varpskerin að bera í hreiðrin. 8 æður voru orpnar í Æðarskeri, 2 í Höfðaskeri og 1 í Kirkjuklakk. Fúsi var að stinga upp kálgarðana, Gugga og Steini að raka um á túninu.

Miðvikudagur 22. maí. Logn og sólskin fram yfir hádegi, eftir það skörp innlögn. Þá um morguninn komu þeir Þorkell og Björn á Hólmavík að sækja þann við er Matthías lét Ólaf á

Valshamri fá, 50-60 krónu virði. Þeir gátu ekki tekið alveg allt, vegna stormsins og báru við ströndina, er strax kom þá hvessti. Þeir tóku líka eldivið á að giska sem minni báturinn hefði borið til Jóns Finnssonar, er Matthías lét hann fá.

5. v. sumars.

Fimmtudagur 23. maí. Logn og þykkviðri. Þá fórum við inn í ey að sækja egg, í hlut fengust 82. Matthías var að búa til beð í kálgarðinum fyrir framan Þinghólana og slóðadraga í Kirkjuvíkinni seinni part dagsins. Fúsi var að stinga í flaginu. Gugga og Steini að hreinsa á túninu og bera af. Ég fór með Skjóna fram á eyrar til hestanna, átti hann þá að fara að liggja úti. Þá fann ég eina ána er Matthías átti dauða í læk í Folaldahvömmunum. Vitjað var um netin, í þau fékkst 12 rauðmagar, 10 grásleppur. Ein ær bar, var tvílembd.

Föstudagur 24. maí. Stillilogn og stórskúrir á milli er á daginn leið. Þá um morguninn nokkru fyrir hádegi sást „Sterling“ fara inn flóann, þá fóru Matthías og Fúsi á stað á bát inn á Hólmavík að sækja Möggu er þá var von á að kæmi með skipinu. Drengirnir og Gugga fóru líka inn eftir. Það kom allt heim um kvöldið, með þeim kom á bátnum Jóhanna gamla Rafnsdóttir, var send hingað á sveit sína vestan úr Þingeyrarhreppi. Matthías ætlaði að hafa hana til hreppskila eða þar til henni yrði ráðstafað.

Laugardagur 25. maí. Vestan hæglátur stormur og sólskin, þá var kirkjan þvegin. Þorbjörg á Hóli fór héðan, var flutt yfir að Reykjarvík. Hún fékk 15 kr. í peningum fyrir þann tíma er hún var (3 vikur). Magga gaf mér 1 kg. af rullu er hún kom með vestan að, það kostaði 16 kr.

Sunnudagur 26. maí. Austan stormur og úrfelli fram yfir hádegi, eftir það vestan hæglátur og sólskin á milli. Anna á Eyjum kom. Hún borgaði mér kirkjugjald sitt 3 kr. Kýrnar voru láttnar út dálitla stund.

Mánudagur 27. maí. Sunnan hæglátur stormur, þykkviðri. Þá fórum við Fúsi yfir í kaupstað og fólk úr Kjartanshúsi, komum heim um kvöldið. Þambárvallahjónin komu og þau hjónin frá Bjarnarnesi. Þau voru hér um nóttina og um kvöldið komu Eyjahjónin, Loftur og Rósa og sonur þeirra Egill, handan af Hólmavík. Þau voru um nóttina hér líka. Vitjað var um netin, í þau fékkst 11 rauðmagar, 21 grásleppa.

Þriðjudagur 28. maí. Austnorðan hvass og kaldur, þá á áliðnum degi fóru Þambárvallahjónin út að Bjarnarnesi og þau hjónin Matthías og Magga. Við Halldór og Áskell fluttum Eyjahjónin yfir fjörðinn. Fúsi var að stinga í garði niður í Kirkjuvík.

Miðvikudagur 29. maí. Norðan kuldagarður. Við fórum inn í ey. Egg í hlut fengust 84. Þá var smalað og hýst flest af ánum, átti að taka þær í pössun sem styst var til burðar, ein var borin. Um kvöldið kom presturinn að undirbúa fermingarbornin og nokkuð af börnunum komu, drengur frá Hafnarhólmi er átti að fermast var í okkar bæ. Borga gamla kom með hann, hún var um nóttina.

6. v. sumar.

Fimmtudagur 30. maí. Vestan sláttur, sólskin á milli. Þá um morguninn komu fermingarborn frá Bæ. Björn Guðmundsson og Guðrún Guðlaugsdóttir, Björn kom í okkar bæ, en Guðrún í Áskels. Þennan dag setti Matthías niður plönturnar úr vermireitnum í garðinn fyrir framan

Þinghólana. Fúsi fór að stinga upp flagið í Veitunni. Ég var hjá ánum, ég náði kóp út á Stekkjarskerjum.

Föstudagur 31. maí. Logn og sólskin, blíðviðri fram á nónn, eftir það innlagnarstormur. Þá var Matthías að hefa flagið í Kirkjuvíkinni er hann plægði upp í fyrravor, þar úr óræktarmóum. Ætlaði að sá þar í rófnafraei. Fúsi var að stinga upp flagið. Ég var hjá ánum, eina ána er ekki var í pössun fann ég dauða út í Kleifabás, þar í fjörunni.

Júní

Laugardagur 1. júní. Vestan stormur, sólskin og blíða. Þá var vitjað um netin, í þau fékkst 11 rauðmagar og 20 grásleppur. Matthías fann einn undanvilling út á strönd. Þá um kvöldið voru bornar 15 ær.

Sunnudagur 2. júní. Vestan stórviðri fram yfir miðaftan, þá lognhægur, sólskin og blíðviðri allan daginn. Þá var messað og 7 börn fermd. Fjöldi fólks var við kirkju. Fermingarborn voru þessi: Torfi Bjarnason Skarði, Björn Guðmundsson Bæ, Guðmundur Guðjónsson Sunndal, Guðmundur Bjarni Jónsson Hafnarhólmi, Ingimunda Þorbjörg Gestsdóttir Hellu, Guðrún Guðlaugsdóttir Bæ, Kristín Guðjónsdóttir Kaldbak. Þennan dag var ánum sleppt og smalað um kvöldið. Presturinn varð um kjurt og Soffía gamla á Sandnesi var hér líka um nóttina.

Mánudagur 3. júní. Stillilogn og blíðviðri. Þá sóttu þeir bændurnir í félagi viðarrusl út á stóra bátinn, 1 ferð út á reka, tóku allt er rekið hafði frá því í fyrravor utan úr Hörsvík og heim í Kolgrafarvík. Ég sat hjá ánum. Presturinn og Soffía fóru á stað heim til sín. Matthías léði honum hest fram að Skarði. Halldór Jónsson fór með honum þangað.

Þriðjudagur 4. júní. Vestan hvassviðri, sólskin á milli, úrfelli fyrst um morguninn. Þennan dag var Matthías að undirbúa kálgarðinn heima við bæinn. Fúsi var að keyra áburð í garðinn er átti að vera í Kirkjuvíkinni. Ég var hjá ánum.

Miðvikudagur 5. júní. Vestan stormur, úrfelli um morguninn. Þá var smalað því er ekki var í pössun og tekið af nokkrum gemlingum. Ánum var sleppt og þeim smalað heim um kvöldið. Torfi á Bjarnarnesi kom með hreppskilaseðil. Við fórum í varpið, úr Hrótey fengust 48 egg á hlut, úr skerjunum 28. Ég tók upp heygarðinn við leiguhúshlöðuna.

7. v. vetrar.

Fimmtudagur 6. júní. Logn og blíða um morguninn. Fyrir hádegi gerði stórrigningu og austan storm. Logn um kvöldið og úrfellislaust. Þá var Fúsi hjá ánum mikið af deginum. Ég var heima að fella net.

Föstudagur 7. júní. Þvervestan hvass og kaldur. Stórrigning hafði verið alla nóttina. Þennan dag var Fúsi hjá ánum. Ég var lasinn, gerði lítið. Matthías var að leita að ám er vöntuðu, af þeim fann hann fáar. Við fórum fram í Hörsey að vita hvað þar hefði orpið. Fundum 28 hreiður og 5 í hólmunum, egg fengust í hlut 6. Matthías missti einn gemling aftekinn. Hann króknaði af kulda, fannst fram í Urriðahvammi nærri dauður.

Laugardagur 8. júní. Vestan kuldablástur með krapaskúrum. Sólskin á milli. Þá var Matthías að vírgirða garðinn er átti að sá í, í Kirkjuvíkinni, um 200 □ faðma. Við Steini sátum hjá.

Sunnudagur 9. júní. Sunnan stormur, sólskin fram á nón, eftir miðaftan ofanfallsrigning. Þá kom Torfi litli á Bjarnarnesi með safnaðarfundarboð. Þann dag var kúnum síðast gefið með.

Mánudagur 10. júní. Vestan rosaveður með skúrahryðjum. Þá keyrði Matthías nokkrar kerrur af mól er áttu að fara í grunnmúrssteypu undir kirkjuna er átti að endurbæta. Vitjað var um netin, í þau fékkst 7 rauðmagar, 13 grásleppur. Við Halli sátum hjá.

Þriðjudagur 11. júní. Vestan kuldastormur, þurrt veður. Þá fórum við í varpið, 29 egg fengust í hlut og 40 kríuegg. Nokkrar æður voru búnar að unga út. Fúsi var hjá ánum. Matthías var að sá í garðana, framan af deginum. Seinnipart dagsins að herfa flagið. Jón á Brúará kom að segja til grens á Eyjum.

Miðvikudagur 12. júní. Norðan hæglátur, sólskin. Þá fór Fúsi yfir að Bæ að láta Guðmund bónda vita um grenið. Hann var ráðinn grenjaskytta. Kom hann með Fúsa til baka. Matthías og Fúsi fluttu hann yfir fjörðinn, ég og Halli vorum hjá ánum.

8. v. sumars.

Fimmtudagur 13. júní. Austnorðan ofsagarður, kuldi og kafaldskrepja á milli. Við Steini sátum hjá. Þá missti Matthías heimalninginn sinn er borinn var á einmánuði. Í hann hljóp einhverskonar verkjarkvöl er gerði út af við hann fljótlega.

Föstudagur 14. júní. Sama veður. Þá var ég einn hjá ánum. Matthías keyrði nokkrar kerrur af mól og sandi. Fúsi byrjaði að þekja flagið. Þá kom hér Ragnheiður Árnadóttir yfirsetukona að bólusetja börn er ekki höfðu áður verið bólusett. Hún setti Svönu litlu bólu, ekki öðrum í okkar húsi.

Laugardagur 15. júní. Norðan hvass og kaldur, sólskin er á daginn leið. Þá var hreppskilað, allir hreppsændur komu. Þá var Jóhönnu gömlu Rafnsdóttir ráðstafað, réðist hún til Eysteins án meðgjafar. Þá borgaði Bjarni í Bólstað mér kirkjugjald sitt og Níels á Hafnarhólmi. Ég var hjá ánum.

Sunnudagur 16. júní. Vestan hæglátur stormur, þykkviðri. Þá kom Eysteinn að sækja Jóhönnu gömlu. Við fórum í kríueggjaleit um alla hólmana og Hörsey, í hlut fékkst 130 egg. Ánum var sleppt og þeim smalað. Fúsi fór yfir á Hólmavík.

Mánudagur 17. júní. Logn, þykkviðri. Þá fórum við í varpið að taka dún (útleiðslu), 8 ný egg fengust í hlut. Þá var lagt fyrir selinn við ströndina, 7 kópar fengust. Matthías fór norður að Kaldbak að koma fyrir yngsta barni Efemíu er var á Eyjum, hann kom því þar fyrir með 200 kr. meðlagi. Steini litli sat hjá óbornu ánum er þá voru eftir 20.

Þriðjudagur 18. júní. Logn og blíða, sólskin seinnipart dagsins. Þá fengust 3 kópar við ströndina. Þá var klárað að þekja og bera á flagsléttuna í veitunni, var beðið um 200 □ faðmar. Matthías sáði dálítið í girðinguna í Kirkjuvíkinni. Tekið var af nokkrum ám er Fúsi smalaði út um Bjarnarneshöfða.

Miðvikudagur 19. júní. Hæglátur vestansláttur, skúrir á milli. Þá voru netin tekin upp frá ströndinni og lögð inn í firði. 1 kópur fékkst við ströndina og 6 inn í firðinum. Matthías og

Áskell fóru yfir á Hólmavík, Matthías kom með nýja skilvindu er ég fékk frá Guðjóni í býttum við þá er hann hafði látið til mín áður og illa hafði reynst.

9. v. sumars.

Fimmtudagur 20. júní. Vestan útnyrðingssláttur fram yfir hádegi, eftir það innlagnarstormur og sólskin. Þá um miðjan dag, fóru þeir bændurnir allir og Fúsi í Þorkelssker. Nokkuð af netunum inn í firðinum var tekið upp, þar fengust þennan dag 7 kópar.

Föstudagur 21. júní. Logn og ofanfallsbleyturigning framan af deginum, austan stormur er á leið með skúrum. Þeir komu úr skerjunum um morguninn. Öfluðu 47 kópa, lögðu nokkuð af netunum við ströndina er þeir komu í land. Þar fengust þennan dag 2 og inn á firðinum 3 kópar.

Laugardagur 22. júní. Vestan stormur, sólskin á milli. Þá var sóttur viðurinn út á ströndina er eftir var, raftar og eldiviður, en ekki var meira en hálffermi á stóra bátinn. Netin voru tekin upp er við ströndina voru, í þau fékkst 1 kópur, var þá búið að veiða þar 14. Bjarni í Goðdal kom eftir sel til Matthíasar, fékk 4 kroppa. Vermundur á Gilstöðum og Halldór á Geirmundarstöðum komu líka að fá sel, þeir fengu 4 kroppa. Björn í Bæ kom eftir sel fyrir föður sinn, hann fékk 2 kroppa. Ég spýtti 10 selskinn er ég skóf á fimmtudaginn.

Sunnudagur 23. júní. Hæglátur vestansláttur og sólskin fram undir nón, þá innlögn. Farið var þennan dag í varplöndin að taka dún. 1 kópur fékkst inni í firðinum. Um kvöldið fóru bændurnir og Fúsi í Þorkelssker. Um morguninn fór Fúsi yfir á Hólmavík með skilvinduna er ég skilaði aftur, hún átti að sendast til Guðjóns suður til Reykjavíkur eftir beiðni hans í símtali til Sigurjóns á Hólmavík. 4 kópskroppa sendi Matthías með Fúsa til Sigvalda á Sandnesi.

Mánudagur 24. júní. Logn og sólskin. Þá fékkst 1 kópur inn í firðinum. Um kvöldið komu þeir úr skerjunum, fengu 23 kópa, skildu eftir netin frammi. Um kvöldið kom Guðjón snikkari, gisti hér um nóttina.

Þriðjudagur 25. júní. Vestan stormur og sólskin. Þá snemma um morguninn fóru þeir fram í sker að sækja netin, fengu í þau 5 kópa, alls þá fengnir úr skerjunum 75. Um kvöldið var lagt við ströndina og netin tekin upp innan úr firðinum. Guðjón snikkari fékk hjá Matthíasi 5 selkroppa, fjóra af þeim seldi hann honum, en einn fékk hann fyrir það að hann setti niður nýju skilvinduna.

Miðvikudagur 26. júní. Vestan hæglátur stormur og úrfelli um kvöldið. Um morguninn fengust 4 kópar við ströndina og 1 fullorðinn selur. Ólöf á Hóli kom þennan dag eftir sel. Hún fékk hjá Matthíasi 2 kroppa og 2 pund af spiki. Um kvöldið kom Jóhann Karl á Gjögri og Jón Jenson að fá sel. Jóhann kom með um 50 pund af nýjum fiski til okkar frá Sigurði Kristjánssyni og nokkuð af því frá sjálfum sér, hann fékk hjá okkur í staðinn 2 selkroppa og kápur af spiki. Jóni gaf Matthías 1 selkropp og um hálfka kápu spik. Um kvöldið voru netin tekin upp er lágu við ströndina. Enginn fékkst þá selur. Þennan dag var byrjað á að grafa súrheysgryfju í barðið fyrir utan fjósið. Ég skóf 15 selskinn.

10. v. sumars.

Fimmtudagur 27. Vestan stormur, þykkviðri. Þá var smalað og tekið af flestu því er fannst. Mig vantaði 5 ær. Fram fyrir girðingu var flest rekið er af var tekið.

Föstudagur 28. júní. Sunnan stormur með skúrum, stór rigning um morguninn og logn. Þá var ég að skafa skinn. Matthías var að leita að kindum, fann lítið í ullu. Fúsi var að grafa súrheysgryfjuna.

Laugardagur 29. júní. Vestangarraveður með skúrum. Þá var þingað hér. Þingjald mitt var 12 kr. 34 aurar. Presturinn kom um kvöldið. Sigvaldi á Sandnesi og Þórólfur í Sunndal gistu hér um nóttina ásamt prestinum.

Sunnudagur 30. júní. Austnorðan stormur, úrfelli fyrst um morguninn. Þá var messað. Fjöldi fólks var við kirkju, 16 manneskjur voru til altaris. Barnslík var jarðað frá Bassastöðum. Presturinn fór út að Brúará að skíra barn. Kom hingað til baka um kvöldið og var um nóttina. Þennan dag var safnaðarfundur haldinn. Ingimundur á Bassastöðum ráðinn forsöngvari með 40 kr. launum, 12 kr. af því gjaldi átti að borgast af kirkjufé. Eysteinn á Bjarnarnesi borgaði mér jarðarafgjaldið 60 kr.

Júlí

Mánudagur 1. júlí. Logn og sólskin fyrripart dagsins. Þá var smalað og tekið af. Við fórum inn í ey. Eina á vantaði mig í ullu.

Þriðjudagur 2. júlí. Vestan stormur, sólskin á milli, þá var lagt við ströndina, en enginn kópur fékkst. Ég var að skafa skinn og kláraði þá við að skafa þau öll er búið var að fá.

Miðvikudagur 3. júlí. Sama veður sem daginn áður. Þá kláruðu þeir Matthías og Fúsi súrheysgryfjuna, hún var yfir 4 álnir í dýpt, hlaðin innan með blautum streng og úthallandi lágri hleðslu í bakkanum í kring. Ég spýtti selskinnin og fleiri smávik. Magga og Gugga og Steini voru við ullarþvott. Vitjað var um netin við ströndina. Ekkert fékkst.

11. v. sumars.

Fimmtudagur 4. júlí. Vestan stormur fram á nónn, eftir það innlagnarsláttur, sólskin var á milli. Þá um morguninn fékkst 1 kópur við ströndina. Matthías, ég og Fúsi vorum í móskurði frá því fyrir hádegi og til kvölds. Um kvöldið um háttatíma fóru þeir í Þorkelssker. Klárað var að þvo ullina.

Föstudagur 5. júlí. Logn og sólskin á milli, innlagnarstormur eftir miðaftan. Ég vitjaði um strandarnetin um morguninn, ekkert var í þeim. Upp tók ég hrognkelsanet er Matthías átti, í því var 1 kópur og 3 stykki hrognkelsi. Ég og krakkarnir fórum upp í mó að taka í sundur. Um kvöldið fyrir háttatíma komu þeir úr skerjunum, fengu 3 kópa og 2 fullorðna seli. Þeir skyldu netin eftir frammi.

Laugardagur 6. júlí. Logn og ofanfallsrigningarskúr um morguninn, eftir hádegi austnorðan hvassviðri og kuldi. Snemma um morguninn sóttu þeir netin fram að skerjunum, enginn selur var í þeim. Netin við ströndina voru tekin upp, í þeim var 1 kópur, alls hafði þá fengist við ströndina 20 kópar og einn fullorðinn, í Þorkelsskerjum 78 og 2 fullorðnir, inn í firðinum 18. Í móinn var farið eftir hádegi og verið fram á kvöld.

Sunnudagur 7. júlí. Ofsa norðanveður og kuldi. Sá til sólar á milli, en illviðrisrumbur á milli. Þau Bjarnarneshjón komu hér, fóru fram í Bjarnarfjörð, Jón Júlíus kom hér líka. Halldór hér Jónsson fór yfir að Drangnesi í námuvegsvegagjörðina er þar var verið að vinna.

Mánudagur 8. júlí. Austnorðan ofsagarður og kuldi, þá var gerð smalamennska héðan og af útstrandarbæjunum. Ég fékk ána er mig vantaði í ullu. Eftir nónið fórum við út á strönd að taka upp mó, vorum þar til kvöldsins.

Þriðjudagur 9. júlí. Logn og þykkviðri fram yfir hádegi, eftir það innlögn. Um morguninn var lagt inn í firði, 2 kópar fengust um kvöldið. Við fórum inn í ey og var þá síðast tekin. Mór var tekinn upp fram á nónið, þá endað að stinga það sem átti að stinga í þetta sinn, en mikið var eftir ótekið sundur. Um hádegisbil kom Jón snikkari Guðmundsson til að steypa kirkjugrunninn. Byrjað var á að lyfta kirkjunni upp á öllum hornum og fleiga undir grjóti, af því hún var sigin niður í báða enda. Við það voru Jón snikkari, við Fúsi, Matthías, Kjartan og Bjarni gamli á Klúku er hér var aðkomandi. Það gekk vel að lyfta svo kirkjan lagaðist mikið.

Miðvikudagur 10. júlí. Austan ofsagarður og kuldi, bleyta, illviðri fyrst um morguninn. Þann dag vorum við Matthías og Fúsi að hjálpa Jóni að steypa grunninn undir kirkjuna, koma að mól og grjóti eftir því sem þurfti. Ekki varð vitjað um netin í firðinum fyrir veðri.

12. v. sumars.

Fimmtudagur 11. júlí. Austan ofsahvass og kaldur. Þá um morguninn fengust 2 kópar og 1 fullorðinn selur inn í firðinum. Við Matthías og Fúsi vorum við grunnsteypinguna með Jóni. Um kvöldið var klárt að steypa undir allt í kring á kirkjunni og að mestu leyti pallinn framan fyrir dyrunum, allt eftir að afpússa.

Föstudagur 12. júlí. Austan stórviðri og kuldi. Um morguninn fékkst 1 kópur í netin. Þennan dag fór Fúsi og Gugga yfir að Hellu með Skrautu til halds. Ég var með Jóni við afpússninguna á grunninum. Sótti sand á hestum fram á sel. Matthías var nokkuð af deginum út á strönd að taka sundur mó. Andrés á Bakka kom. Honum gaf Matthías 1 kópskropp.

Laugardagur 13. júlí. Hæglátur austan hér í firðinum, en stórgarður út til flóans. Um morguninn var vitjað um netin, 2 kópar fengust. Hafði þá fengist þessa viku inn í firðinum 7 kópar og 1 fullorðinn selur. Fúsi fór í vegabótavinnu fram að Skarði með hest og kerru. Matthías fór yfir að Hafnarhólmi og út að Bæ. Jón snikkari kláraði við að afpússa grunninn undir kirkjunni og pallinn framan fyrir dyrunum, sement í alla steypuna fór, 3 tonn, er kostuðu 84 kr.

Sunnudagur 14. júlí. Austan ofsagarður og kuldinn sami. Um morguninn kom presturinn og Ingimundur á Bassastöðum. Ekki var messað, enginn kom til kirkju. Ingimundur á Hóli, Arngrímur í Reykjarvík og Magnús komu hér eftir að presturinn var farinn. Ég borgaði Jóni Guðmundssyni vinnulaunin, hann setti upp 85 aura á tímann, reiknaði sér að hafa verið 12 tíma á dag við vinnu í 5 daga og 9 tíma vildi hann reikna sér daginn sem hann færi heim, svo alls var kaupið til hans 58 kr. 65 aurar er ég borgaði. Þar upp í lét ég 1 tunnu af sementi er af gekk á 28 kr. Borgaði út í peningum 30 kr. 65. og til Matthíasar borgaði ég fyrir vinnu hans og Fúsa og fæði Jóns og þeirra 70 kr. Mína vinnu reiknaði ég í 5 daga með fæði á 32 kr. 50 aura og sementið er fór til kirkjunnar kostaði 84 kr.

Mánudagur 15. júlí. Sami ofsagarðurinn. Sólskin. Þá fór Jón snikkari héðan. Með honum fór Matthías og Fúsi yfir á Hólmavík. Þeir komu aftur um kvöldið. Þá voru tekin upp netin í firðinum, orðin flækt og full með þara. Í þeim voru 3 kópar. Ég skóf 5 selskinn. Þá var klárað að taka móinn sundur.

Þriðjudagur 16. júlí. Austan ofsagarður. Þá um morguninn lögðu þeir 4 net inn í firði, vitjuðu um þau um kvöldið, fengu ekkert. Þennan dag var byggt upp brunnhúsið. Ég gekk á reka út í Hörsvík, fann 4 fullorðna seli rekna, lítið skemmda. Þeir voru sóttir á hestum út eftir. Guðmundur Magnússon og Björn í Bæ komu, voru að leita að kindum. Sigurður á Brúará kom hér líka.

Miðvikudagur 17. júlí. Austan stórviðri sólskin á milli. Þá var unnin vegavinna í brúnni fyrir ofan garðinn, 5 dagsverk. Vitjað var um netin, ekkert fékkst. Guðmundur á Hamri kom og Bjarni í Bæ.

13. v. sumars.

Fimmtudagur 18. júlí. Austnorðan afspyrnuveður og kuldi. Þá var Matthías að gera við reiðinga og járnaði hestana. Fúsi var að brytja selspikið. Ég skóf og spýtti skinnin af rekaselunum. Þá fannst einn selur rekinn niður í Höfðanum, ekki varð vitjað um netin fyrir viðri.

Föstudagur 19. júlí. Sama rokveðrið og kuldinn. Þá bræddi Matthías selspikið, en Fúsi var að brytja. Ég var lasinn af kvefi, gerði ekki neitt. Netin úr firðinum náðust upp um morguninn, ekkert var í þeim.

Laugardagur 20. júlí. Austan stórviðri, sólskin. Þá fóru þeir bændurnir á hestum með ullina og selskinnin á kaupstaðinn. Matthías fór með mína ull, setti hana inn í Söludeildina. Hún var 33 pund. Um nóttina komu þeir heim, þeir sögðu andlát Þórðar gamla á Kleifum, dó 18. þessa mánaðar. Þá tókum við saman móinn upp á Folaldahvammaholtinu. Fúsi sló arfaruslið í Öskuhlutanum.

Sunnudagur 21. júlí. Ofsahvass austnorðan, sólskinslaust og kuldi. Þá borgaði Matthías mér afgangið 100 kr. í peningum og 100 kr. skrifaði hann inn í reikning minn hjá Jóni Finnssyni í gærdag. Ég fór yfir að Bæ, réði Guðmundur Torfason í heyskaparvinnu til mín eina viku. Ætlaði hann að koma á næstkomandi helgi. Imba Helgadóttir kom hingað, átti að vera hér tíma, var búin að vera hjá Áskeli 3 vikur. Til var ætlað að hún yrði tíma og tíma á Bæ að hafa svoleiðis ofan af fyrir sér.

Mánudagur 22. júlí. Austan hvass og kaldur, sólskin er á daginn leið. Þá var slegið það sem slægt var í Kirkjuvíkinni og Öskuhluta. Eftir nónið fór Fúsi fram í Landamerkjastykki að slá. Ég var að leita að hestunum, fann þá ekki alla. Um kvöldið fóru þau Matthías og Gugga fram eftir með tjaldið og lágu þau þrjú við um nóttina.

Þriðjudagur 23. júlí. Austan ofsahvass, sólskin og heiðbirta eftir hádegi. Þá var Fúsi að leita að hestunum er vöntuðu, fram á nón, fann þá yfir á Hafnarhólshálsi. Ein ferð var bundin heim, 6 hestar.

Miðvikudagur 24. júlí. Aftaka austnorðanveður, sólskin fyrripart dagsins. Þá voru bundnir heim 30 hestar. Þá kláruðu þeir Kjartan og Áskell að slá það sem slægt var hjá þeim á túninu. Áskell byrjaði á mánudag en Kjartan á þriðjudag. Guðmundur á Kleifum kom hér um kvöldið.

14. v. sumars.

Fimmtudagur 25. júlí. Austnorðan hvass og kaldur, þurrkflæsa er á daginn leið. Þá voru bundnir heim 30 hestar.

Föstudagur 26. júlí. Logn og þokubýkkni fyrripart dagsins, innlögn og sólskin er á daginn leið. Þá voru bundnir heim 30 hestar. Hirt var í fjóshlöðuna 24 hestar.

Laugardagur 27. júlí. Logn og þokubýkkni. Þá um morguninn fóru þeir Matthías og Kjartan að taka gröf að Þórði sáluga á Kleifum. Ég fór yfir að Kleifum, var beðinn að koma til að vera einn af líkmönnum. Líkið var flutt á mótur norður, 16 manns voru á mótornum er voru við jarðarförina og nokkrir fleiri komu er við voru, af utanbæjarfólki. Allir fóru til baka aftur um kvöldið, nema presturinn og Ingimundur á Bassastöðum. Fúsi sló í túninu framan af deginum, um kvöldið var hirt í Kirkjuvíkurhlöðuna 18 hestar og nokkuð mikið rakað upp.

Sunnudagur 28. júlí. Austan stormur og þykkviðri. Ekki var messað, enginn kom til kirkju. Presturinn skírði Pál Áskelsson er fæddist 11. þessa mánaðar. Um kvöldið kom Guðmundur Torfa í kaupavinnu til mín.

Mánudagur 29. júlí. Innlagarstormur, sólskin fram á nón. Um morguninn fóru þeir að slá túnið, Fúsi og Guðmundur Torfason, aðrir fóru út á strönd að taka saman mó. Þá var alhirt útheyið er heim var komið, 96 hestar og arfapenturnar úr Öskuhluta hirtar í hestahlöðuna 6 sátur og úr Kirkjuvíkinni, það sem slegið var úr henni, 3 böggjar.

Þriðjudagur 30. júlí. Stillilogn og sólarhiti fram á nón, eftir það innlögn. Þeir voru að slá, Fúsi og Guðmundur, í túninu. Matthías batt heim það sem til var í engjunum, 23 hesta. Steini fór með, ég var heima að raka.

Miðvikudagur 31. júlí. Logn og þykkviðri fram yfir nón, þá innlögn og sólskin á milli. Þá um morguninn fann ég fullorðinn sel rekinn í Sjóarteigunum. Þeir sömu voru að slá á túninu. Matthías tók saman það sem eftir var af mónum og drengirnir með honum. Útheyið var hirt um kvöldið og klárað að slá í túninu er slægt var.

Ágúst

15. v. sumars.

Fimmtudagur 1. ágúst. Stillilogn, brennandi hiti, sá til sólar fram undir nón, eftir það kafþykkur og mistur. Um morguninn var farið fram á engjar, bundnir heim 24 hestar. Hér um bil helmingur af töðunni var rakað upp. Fullorðinn sel fann ég rekinn á Sjóarteigunum.

Föstudagur 2. ágúst. Logn og hiti, skínandi þurrkur. Þá var hirt af töðunni 48 sátur og það sem óhirt var rakað upp. Úthey hirt 24 hestar, bundnir voru heim 24.

Laugardagur 3. ágúst. Logn og heiðbirta fram á nón, innlögn eftir það. Þá var alhirt taðan og var hún öll 85 sátur, 75 í kúahlöðuna en 10 í hestahlöðuna. Af útheyi var hirt 18 hestar. 24

voru bundnir heim. Var það úr Hrísmúlaflóanum. Slægjan var þrotin í Landamerkjastykkinu, heim var reitt yfir vikuna 95, var þá heim komið 191. Um kvöldið fór Guðmundur Torfason úr kaupavinnunni. Honum borgaði ég fyrir vikuvinnuna 30 kr. í peningum. Hey var á túninu um kvöldið, 30 hestar.

Sunnudagur 4. ágúst. Austnorðan hvassviðri og sólskin. Þá fóru þau hjónin Matthías og Magga yfir á Hólmavík, komu aftur um nóttina. Imba Helgadóttir fór héðan inn að Bassastöðum, var búin að vera hér hálfan mánuð.

Mánudagur 5. ágúst. Ofsa austnorðan garður, sólskin. Þá voru bundnir heim 12 hestar, önnur ferðin framan úr fremsta stykki. Þar var farið að slá um morguninn, 24 voru hirtir.

Þriðjudagur 6. ágúst. Sama ofsaveðrið, sólskin eftir hádegi. Þá voru bundnir heim 24 hestar. 6 hestar hirtir.

Miðvikudagur 7. ágúst. Sama stórviðrið og sólskinslaust fram yfir nónn. Þá voru bundnir heim 24 hestar, 6 hestar hirtir.

18. v. sumars.

Fimmtudagur 8. ágúst. Sama ofsaveðrið, sólskin á milli. Þá voru bundnir heim 23 hestar. Skjóni gamli gafst upp í síðustu ferðinni, komst með baggana heim á Fitjarnar. Þá voru hirtir 24 hestar. Selur fullorðinn fannst rekinn í Höfðanum.

Föstudagur 9. ágúst. Ofsa hvass og kuldi, sólskin á milli. Þá voru bundnir heim 24 hestar, hirtir 12. Við Steini fórum með til skiptis og gengum. Það var reitt á meðreiðarhrossinu.

Laugardagur 10. ágúst. Norðan stórviðri fram yfir nónn, þá hæglátur, stórrigning um kvöldið. Heim voru bundnir 24, hafði þá verið reitt heim yfir vikuna 131. Þá var alls heim komið 322, úti var á túninu 42.

Sunnudagur 11. ágúst. Austan hæglátur og rigning á milli. Þá var gengið á reka, 4 selir fundust, ekkert var að gagni af þeim nema skinnin voru öll hirt.

Mánudagur 12. ágúst. Norðan hvass og kuldi, sólskinslaust. Þá var klárað að binda framan úr flóanum 18 hestar, Fúsi og Gugga fóru að heyja upp í Hærrastykki.

Þriðjudagur 13. ágúst. Austan hvass og kaldur, sólskin allan daginn. Þá voru bundnir heim úr Hærrastykkinu 3 ferðar á 5 hestum (15 hestar). Rakað var mikið upp um kvöldið í galta er átti að hirða í heytóttina við ærhúsið. Fúsi var lasinn þennan dag, fór ekkert að verki.

Miðvikudagur 14. ágúst. Austnorðan hvass og sólskinslaust, allan daginn leit út fyrir að væta. Þá um morguninn kom Matthías heim af engjunum og hirti í heytóttina 60 hesta, áður búíð að hirða þar í 40. Bundnir voru heim 20 hestar. Fúsi var orðinn frískur, fór á engjarnar um morguninn.

17. v. sumars.

Fimmtudagur 15. ágúst. Logn og sólskin, skínandi þurkur. Þá voru bundnir heim 20 hestar. 25 hestar voru rakaðir upp í galta, átti að bíða þess að þeir yrðu bornir í heyið þegar meira yrði þurrt.

Föstudagur 16. ágúst. Austan kuldastormur, þykkviðri, logn var fyrst um morguninn og hörkufrost. Bundnir voru þá heim 25 hestar. Heyið var rakað upp um kvöldið, nema það sem reitt var þennan dag.

Laugardagur 17. ágúst. Logn og þykkviðri. Þá voru bundnir heim 25. Heim reitt var yfir vikuna 123, alls heim komið 445, úti var á túninu 105.

Sunnudagur 18. ágúst. Logn og þykkviðri, gjörði úrfelli um kvöldið. Þá fórum við Matthías og Fúsi yfir á Hólmavík, komum heim um kvöldið. Þá keypti ég af Guðjóni Guðlaugssyni 13 árganga af Óðni á 26 kr. Hafði hann látið binda hann inn og gaf hann mér bandið.

Mánudagur 19. ágúst. Logn og þykkviðri með smá skúrum, austan stormur um kvöldið og stórrigning. Þá voru bundnir heim 20 hestar. Klárað var að slá það sem átti að slá yfir á hálsinum og ekki var nýslægja. Fólkíð gekk heim um kvöldið.

Þriðjudagur 20. ágúst. Austan stormur og úrfelli fram á hádegi, þornaði ekki af strái fram á hádegi, þá var ekki bundið og ekki rakað. Matthías og Fúsi byrjuðu að slá Liljuhvamma.

Miðvikudagur 21. ágúst. Hæglátur austan stormur, skúrir á milli svo aldrei þornaði af og ekki var rakað, bundnir voru heim 20 hestar af finnung handan frá Langá.

18. v. sumars.

Fimmtudagur 22. ágúst. Austan gjóla, þykkviðri og skúrir á milli. Þá um morguninn komu þeir heim af engjunum að slá það sem óslegið var í túninu og hægt var að festa á ljá. Var það allt sett í súrheysgryfjuna, keyrt þangað í kerrunni, 12 kerrur, á að giska einn votabandshestur úr kerrunni. Hesthúsmýrin var slegin sem úr henni var hægt að slá og það látið í gryfjuna. Það voru 10 sátuböggjar, ekkert var bundið þennan dag.

Föstudagur 23. ágúst. Logn og skúrir á milli. Þá voru bundnir heim 15 hestar, 10 hestar frá Langá og 5 úr Liljuhvömmunum, lítið sem ekkert varð rakað.

Laugardagur 24. ágúst. Stillilogn og þykkviðri. Þá voru bundnir heim 29 hestar, 9 af því úr Liljuhvömmunum, en hitt frá Langá. Alls var finnungurinn frá Langá 50 hestar. Þennan dag var ekkert slegið, verið að raka ljána. Heim reitt var yfir vikuna 84, alls heim komið 529. Úti var á túninu 189.

Sunnudagur 25. ágúst. Suðvestan sláttur, sólskin á milli fram á nónn, eftir það hvítalogn og þurrklaust. Þá var allt heyið breitt og hirt í ærhúsheyið 100 hestar og 9 hestar í hestahlöðuna. Voru þá úti á túninu um kvöldið 80. Rósa í Goðdal kom til okkar í kaupavinnu. Selur fannst rekinn út á strönd, var það sá 15 er rekið hafði.

Mánudagur 26. ágúst. Austan landsynningur og ofanfallsrigning allan daginn. Um morguninn fór Fúsi og þær Rósa og Gugga upp í Liljuhvamma að slá. Við Matthías tyrfðum heyið, svo fór hann upp eftir. Þær stúlkurnar komu heim eftir nónið, en þeir ekki fyrr en um kvöldið.

Þriðjudagur 27. ágúst. Suðvestan sláttur, þurrkflæsa fram yfir nónn. Smá skúrir eftir nónið, þá var rakað og bundið heim, 25 hestar. Breiddir voru 20 hestar af finnung og þeir hirtir á hestahlöðuna.

Miðvikudagur 28. ágúst. Logn um morguninn með ofanfallsrigningu, sunnan hroðaveður með stórskúrum eftir hádegi. Um morguninn kom fólkið heim af engjunum og fór inn í Hrótey að slá, það sem slægt var. Fluttu það í land um kvöldið var það 21 sátubögglar. Það var látið í súrheysgryfjuna.

19. v. sumars.

Fimmtudagur 29. ágúst. Hæglátur vestan með stórskúrum á milli. Þá voru bundnir heim 25 hestar, ein ferð af því (5 hestar) látnir í gryfjuna ofan á eyjartöðuna.

Föstudagur 30. ágúst. Þvervestan hvass með illviðri eftir hádegi til kvölds. Þá voru bundnir heim 30 hestar (gengið með). Fólkið gekk heim um kvöldið.

Laugardagur 31. ágúst. Norðan kuldastormur, sá til sólar á milli, þurrkflæsa á rennblautt hey. Kaplar voru allir breiddir um 80, og nokkuð af því rakað upp um kvöldið. Bundnir voru heim 30 hestar. Heim reitt var yfir vikuna 110, úti á túninu 165, alls heim komið 639.

September

Sunnudagur 1. september. Logn og skínandi sólskin og hiti allan daginn, frost og héla um morguninn. Þá var allt heyið breitt og hirtir 85 hestar. Var þá úti um kvöldið 80 hestar. Ég reiddi Rósu í Goðdal fram að Hóli úr kaupavinnunni. Þá var haldinn fundur um síldarkaup í hreppinn til skepnufóðurs, nokkrir hreppsændur komu á fundinn. Hreppsnefndin samdi þá fjallskilaseðilinn.

Mánudagur 2. september. Austan kuldagjóra og þokuþykkni, sá aldrei til sólar. Þá voru bundnir heim 30 hestar.

Þriðjudagur 3. september. Logn og skínandi sólskin og hiti, vestan stormur um kvöldið. Þennan dag var hirt yfir 80 hestar og 30 bundnir heim, var þá úti á túninu um kvöldið 54.

Miðvikudagur 4. september. Vestan vindur og sólskin fram yfir nónn. Þá voru hirtir í hey við Kirkjuvíkurhlöðuna 54 hestar. 30 hestar voru bundnir heim.

20. v. sumars.

Fimmtudagur 5. september. Vestan hvassviðri fram yfir hádegi og sólskin eftir það austan stormar og þokuþykkni. Þá voru hirtir í fjóshlöðuna 30 hestar. 30 bundnir heim.

Föstudagur 6. september. Hæglátur sunnan stormur, þykkviðri og þurrklaust. Þá voru bundnir heim 30 hestar.

Laugardagur 7. september. Logn og sólskin, skínandi þurrkur, innlögn eftir nónn. Þá voru hirtir 25 hestar í Kirkjuvíkurheidi og 20 í fjóshlöðuna, bundnir heim 30 hestar. Var þá allt heim komið er heyjað var á hálsinum, norður að Árnahjalla, úr öllum Liljuhvömmunum norður í Hesthvammaskarð hafði fengist rúmir 300 hestar. Alls var heim komið af útheysi 819 hestar. Heim reitt var yfir vikuna 180, úti á túninu 45.

Sunnudagur 8. september. Austnorðan hvass með illviðrisfrassa fram á hádegi, eftir það þurrt veður. Fúsi fór út að Bjarnarnesi með leitarseðilinn. Bjarni á Klúku kom.

Mánudagur 9. september. Norðan hæglátur fyrripart dagsins, stórrigning um morguninn. Eftir nón austan ofsaveður og illviðri, þennan dag var ekki bundið. Langihjalli var sleginn og byrjað að slá í Folaldahvömmunum. Rakað var á Langahjalla frá hádegi til nóns. Ég sótti mó á 2 hesta upp í hvamma. Ingimundur á Bassastöðum kom eftir fjalviðarrusli úr kirkjupallinum er rifinn var í sumar og hann keypti af mér á 6 krónur.

Þriðjudagur 10. september. Austan ofsaveður og illviðri allan daginn. Þá var ekkert farið að heyskap. Ég fann einn kóp rekinn út á strönd og annan sel roskinn, mikið rifinn.

Miðvikudagur 11. september. Stórviðri norðan, sá til sólar eftir nónið. Þá voru bundnir heim 25 hestar, af Árnahjalla 19 og 6 af Langahjalla. Slegið var í Folaldahvömmunum.

21. v. sumars.

Fimmtudagur 12. september. Logn og heiðbirta. Skínandi þurrkur. Þá voru bundnir heim 25 hestar af Langahjalla. Heyið var allt breitt og hirt í fjóshlöðuna 25 hestar, var hún þá fyllt, með því. 5 hestar hirtir í leiguhúshlöðuna, var hún þá full. Mest allt var rakað upp um kvöldið er var á túninu.

Föstudagur 13. september. Logn og heiðbirta fram yfir nón, eftir það innlögn, hörkufrost og héla um morguninn. Þennan dag var hirt í Kirkjuvíkurheyið 65 hestar, var þá í því með því er áður var í það borið 145 hestar. Bundið var heim úr hvömmunum 30 hestar, þá ekki annað úti á túninu um kvöldið.

Laugardagur 14. september. Hæglátur þvervestan, kuldagjóra, hörkufrost svo ekki þiðnaði á pollum um daginn. Sá aldrei til sólar, um miðaftansleytið gjörði svo dimmt kafaldsél að ekki sást meir enn út fyrir túnið. Birti um kvöldið fyrir háttatíma, alhvítt var í sjó. Þennan dag var heyjað í hvömmunum og bundnir heim 20 hestar, komið heim með síðustu ferðina í kafaldsélinu, var þá sagt upp heyskapnum og klárt að binda heim. Hirtir voru í hestahlöðuna 15 hestar og 5 hestar af því er reitt var heim um daginn látnir í súrheysgryfjuna, var þá úti á túninu um kvöldið 30 hestar. Heim reitt var yfir vikuna 100, alls var þá úttheysheyskapur 920 hestar.

Sunnudagur 15. september. Logn og sólskin, hörkufrost fram á hádegi, innlagnarstormur um miðjan daginn. Snjóinn tók upp af túninu að mestu leyti, svo heyið var breitt um kvöldið, af því búist var við að mikil héla félli á um nóttina og seint mundi þorna af næsta dag ef þurrkur yrði. Kýrnar fóru út á túnið milli hádegis og nóns. Þennan dag kom Ari á Hólmavík að aðvara háseta sína til róðra, Fúsa og Jón Áskelsson. Ásmundarneshjónin komu og börn þeirra.

Mánudagur 16. september. Austan kuldagjóra, hörkufrost fram á hádag. Sólskin á milli. Þá var alhirt heyið, 15 hestar í hestahlöðuna, var þá í henni 80 hestar, þá full. 15 hestar voru bornir í galta ofan á súrheysgryfjuna. Bjarni á Klúku kom, hann borgaði mér 2 kr. er eftir stóðu af kirkjugjaldi hans fyrra árs. Þennan dag var gamli Skjóni sleginn af, Matthías skaut hann.

Þriðjudagur 17. september. Austnorðan kuldastormur með bleytukafaldséljum, hvítt í sjó um morguninn, tók upp á láglandinu framan af deginum. Þá fóru þeir Matthías og Kjartan yfir á Hólmavík. Ari á Hólmavík kom eftir Fúsa sem háseta til sín, ætlaði hann að róa úr Grímsey.

Reiddir voru 15 hestar af mó, Fúsi var að láta í pokana fram á nón, Halli fór á milli, en ég tók á móti. Reitt var á 3 hestum.

Miðvikudagur 18. september. Sama veður, heldur hvassari en daginn áður. Matthías var við torfverk, risti á galtann á gryfjunni, og tyrfði eldhúsið gamla og bæjardyrnar.

22. v. sumars.

Fimmtudagur 19. september. Logn og þykkviðri, frost mikið um morguninn. Kýrnar fóru ekki út fyrr en eftir hádegi og var gefið um morguninn. Þennan dag voru reiddir heim 24 hestar af mó. Þorbjörg á Hóli kom og Kristjana dóttir hennar.

Föstudagur 20. september. Logn og sólskin fram yfir nón, eftir það bleytukafaldsmugga. Gjörði alhvítt í sjó. Um morguninn sóttum við Matthías torf á litla bátum fram í Álalæk, eftir það voru reiddir heim 20 hestar af mó. Magga fór yfir að Drangnesi, kom aftur um kvöldið.

Laugardagur 21. september. Logn og þykkviðri, rigning fyrst um morguninn svo af tók snjóinn á láglendinu. Þá gerði Matthías upp fyrir heyin. Ég keyrði á völlinn undan grindunum í ærhúsinu. Um kvöldið kom Fúsi handan úr Grímsey, hafði róið 3 daga og aflað dálítið, hann flutti upp að Drangnesi 160 pund af fiski og ýsu er hann seldi Matthías.

Sunnudagur 22. september. Austnorðan hvass og kuldi, sólskin fram yfir nón. Ég fór yfir að Drangnesi eftir fiskinum. Matthías fór af stað í fjallgöngu, ætlaði að leita Hólsfjall. Fúsi fór yfir til róðranna.

Mánudagur 23. september. Austnorðan kuldastormur, sólskin fram yfir miðjan dag. Þá var leitað, ég og Steini leituðum hálsinn, alls voru á því stykki 8 menn.

Þriðjudagur 24. Hvass norðan og þykkviðri, frostlaust. Magga og Gugga riðu á réttina með Matthías. Ég reiddi heim 8 hesta af mó. Þær Hamarssystur, Svanfríður og Guðrún, og drengur frá Bæ, voru hér um nóttina, fóru fram að rétt um morguninn.

Miðvikudagur 25. september. Sami kuldastormurinn. Þá reiddi ég 12 hest af mó, var þá klárt að reiða heim allan móinn úr ganta[?] götunni, alls 90 hestar. Matthías tyrfði 2 móláða út á strönd er áttu að vera þar og dragast heim í vetur.

23. v. sumars.

Fimmtudagur 26. september. Norðan hvass með bleytukafaldssortamold allan daginn, sá til brúna fyrst um morguninn. Í eftirleit var farið, við Steini fórum héðan á Hálsinn, alls voru 7 í leitinni, fundum enga kind. Telpa var í leitinni frá Bæ, hún var hér 2 nætur og Torfi litli frá Bjarnarnesi.

Föstudagur 27. september. Norðan hvass og kafaldságangur framan af deginum, mikill kuldi. Þá var smalað og tekið frá slátursfé í kaupstaðinn. Fúsi kom heim um kvöldið, hafði lítið aflað.

Laugardagur 28. september. Logn og heiðbirta, frostharka, slaknaði lítið hádaginn. Þá um morguninn fóru þeir á stað með slátursféð, Kjartan, Fúsi og Jóhann Áskelsson. Matthías lét 59 lömb og 10 ær og ég 15 lömb og 4 ær, í allt var héðan úr húsinu 101 kind.

Sunnudagur 29. september. Logn um morguninn, eftir hádegi vestan stormur. Þá fórum við Matthías og Magnús í Reykjavík á stóra bátum á stað inn á Hólmavík, fengum til liðs við okkur Jón Júlíus á leiðinni, komum inn eftir um miðaftan, fórum að heiman um hádegi. Magnús í Reykjavík fór til baka aftur um kvöldið yfir á ströndina.

Mánudagur 30. september. Vestan hæglátur stormur, frostlaust. Þá var fénu slátrað, það búið á líðandi hádegi. 7 dilka og 1 á lét ég í Söludeildina, 8 dilka og 3 ær í Riis verslun, út tók ég í þeirri verslun 40 kr. í peningum, 60 kr. í innskrif til Tómasar og nótu út á 12 kr, hjá Guðjóni tók ég út nær 50 kr. virði, kerti, messuvín og oblátur til kirkjunnar. Við fórum á stað úr kaupstaðnum um nón, 4 á bátum, við Matthías, Fúsi og Jón Júlíus. Komum heim fyrir dimmingu með slátrið og 6 matvörupoka er Matthías tók, slátur seldi ég Jóni Atla úr 5 dilkum, og gaf Önnu Jóhannsdóttir í Bæ 2 dilkaslátur og eitt ærslátur. Mör seldi ég Árna í Bæ fyrir 82 kr. 50 aura, er hann borgaði þá út í peningum. Jón Júlíus fékk slátur úr 5 kindum hjá Matthíasi fyrir ferðina með okkur.

Október

Þriðjudagur 1. október. Þvervestan kuldastormur og stórrigning fram á hádegi.

Miðvikudagur 2. október. Norðan kuldastormur, þurrt veður.

24. v. sumars.

Fimmtudagur 3. október. Logn og frostkaldi, mikið frost er á daginn leið. Þá var byrjað að keyra á túnið úr fjóshaugnum.

Föstudagur 4. október. Norðan kuldastormur, mikið frost, allt gaddfreðið fyrri hluta dagsins. Þá fór ég fram að Sunndal. Matthías var að keyra á völlinn.

Laugardagur 5. október. Austan hvass. Frostlaust og illviðri er á daginn leið. Þá var klárað að keyra á túnið. Hestarnir voru reknir fram fyrir girðingu.

Sunnudagur 6. október. Austan hvass og illviðrisfrassi á milli. Fúsi kom handan úr veri um morguninn, fór aftur yfir um kvöldið.

Mánudagur 7. október. Austan ofsaveður með aftaka illviðri.

Þriðjudagur 8. október. Aftaka austanveður og illviðrisfrassi á milli. Frost um kvöldið. Þá var mokað úr á túninu.

Miðvikudagur 9. október. Stórviðri austnorðan. Þá voru stungnir upp kálgarðarnir.

25. v. sumars.

Fimmtudagur 10. október. Norðan stórviðri og svælingsmoldbylur. Lítið frost.

Föstudagur 11. október. Hæglátur norðan, kafaldsdimmviðri.

Laugardagur 12. október. Logn og bjartviðri, frost talsvert. Þá stungum við Matthías upp kálgarðinn í Kirkjuvíkinni. Um kvöldið kom presturinn og Guðmundur sonur hans með honum. Fúsi kom heim úr verinu, hafði fengið allgóðan afla tvo daga af vikunni.

Sunnudagur 14. október. Logn og bjartviðri, frost. Presturinn fór á stað heim til sín. Enginn kom til kirkju nema Ingimundur á Bassastöðum, forsöngvarinn. Ekki var messað.

Mánudagur 15. október. Útnyrðingssláttur, sólskin og frost. Þá fórum við Matthías á litla bátum út á brot með handfæri, vorum að reyna þar fyrir fisk fram yfir nónn, fengum talsins 100 og eina stofnu. 12 vænstu fiskarnir voru saltaðir. 41 flattir á rá til að herða, en það smæsta ekki flatt, hengt upp (spyrt).

Þriðjudagur 16. október. Austan stormur, frostlítið. Þá gengum við Kjartan á rekann að tína upp viðarsprek er rekið hafði í garðinum hina vikuna. 20 álna spýtu fundum við nýreka í ytri Kirkjuvíkinni. Hún var flutt heim í lendingu. Arngrímur í Reykjarvík kom.

Miðvikudagur 16. október. Austan hvass og illviðri fyrripart dagsins.

26. v. sumars.

Fimmtudagur 17. október. Logn, hörkufrost um morguninn. Mistur var svo mikið í loftinu að ekki sást nema lítið eitt frá sér, og stafaði það af eldgosu miklu er frést hafði að væri á Austurlandi (úr Kötlu). Þennan dag rérum við Matthías og Kjartan með okkur út á brot, fengum 120, mest smáfisk, skipt var í þrjá staði, 40 í hlut. Matthías flatti á rá 32 og lét í salt 2. Jóhanna gamla á Bjarnarnesi kom hingað til okkar, gekk úr vist sinni þaðan sökum ills atlætis að hún sagði.

Föstudagur 18. október. Sunnan hæglátur, stormur og úrfelli á milli. Marahláka og blíðviðri, þá fór Matthías yfir á Hólmavík, kom aftur um kvöldið. Guðmundur á Kleifum kom, var hér um nóttina. Magnús og Guðmundur í Reykjarvík komu, fengu lánaða kerru.

Laugardagur 19. október. Logn og blíðviðri, froststirðningur er á daginn leið. Þá var hreppskilað og atkvæðagreiðsla fór fram um sambandsmál Íslands og Danmerkur, margir mættu á fundi þessa. Um nóttina voru þeir hér Sigvaldi á Sandnesi og Ingimundur á Hóli. Kristmundi í Goðdal borgaði ég vikukaup Rósu dóttur hans er hún var í sumar, 15 krónur.

Sunnudagur 20. október. Sunnan hæglátur sláttur, úrfelli á milli. Þá um morguninn fóru hreppsnefndarmennirnir 4 út að Bjarnarnesi að tala við Eysteinn um burtför Jóhönnu gömlu. Komu með dót hennar, um var talað þeirra á milli að hún yrði hér hjá Matthíasi til niðurrjónunarfundar fyrir það fyrsta. Við Matthías sóttum eldiviðarsprek á litla bátum út á strönd, er þar var eftir síðan í vor.

Mánudagur 21. október. Sunnan hvass og stórrigning um morguninn. Þá var Matthías að rista ofan af kringum neðstu hústóttirnar. Ég gerði upp fyrir minni mólhláðann út á Kerlingarholtinu.

Þriðjudagur 22. október. Norðan hvassviðri og kaldur, frost er á daginn leið. Þá var smalað og tekið frá slátursfé. Þá bar Búbót.

Miðvikudagur 23. október. Logn og þykkviðri fram undir nónn, eftir það suðvestan stormur með bleytukafaldi, gjörði svo rakt af snjó. Þá var slátrað 4 geldum ám, einum hrút fullorðnum, 2 ám milkum og 9 lömbum. Steini átti eina geldu ána og ég eitt lambið, var það lambið er ég keypti af Kjartani. Andrés á Bakka kom.

Fimmtudagur 24. október. Norðan stormur með ísingarbleytu, krepjufrost með kófkafaldi er á daginn leið.

Föstudagur 25. Síðasti sumardagur. Logn og þykkviðri, frost lítið.

Laugardagur fyrsti í vetri, 26. október. Suðvestan stormur með krapakafaldséljum. Þá fóru þeir bændurnir allir héðan yfir á Hólmavík, ötluðu að fá mótörinn að flytja heim hingað síldartunnurnar er þeir keyptu og fleira, en mótörinn var í því ástandi að honum varð ekki komið af stað frá bryggjunni. Voru þeir búnir að hlaða í hann það sem hann bar og á bát er átti að vera í slefi, en urðu að bera allt af honum aftur. Þeir komu heim um nóttina. Fúsi kom heim um kvöldið.

Sunnudagur 27. október. Austan svælingsmoldkafald, afar mikil fannkoma, hafði hlaðið niður alla nóttina.

Mánudagur 28. október. Austan stórviðri með bleytukafaldsillviðri fram undir hádegi, eftir það vestan ofsi með frosti. Þá var smalað og rekið heim og hýst það sem fannst, hvergi var jarðarsnap svo allt féð stóð í svelli þar sem það var. Varla hægt að koma því úr stað fyrir ófærð og djúpfenni. Matthías vantaði af sínu fé yfir 30. Þennan dag var brunaöskufall svo mikið að snjórinn var hálf svartur að sjá yfir allt.

Þriðjudagur 29. október. Logn, bjartviðri og talsvert frost. Fénu var rennt út með sjónum, því er inni var. Matthías og Kjartan fóru að leita strax um morguninn, fundu alls um 60 er allir áttu hér á bænum. Vantaði þá um kvöldið hjá okkur Matthíasi 5 ær. Fénu var sleppt út með fjörunni.

Miðvikudagur 30. október. Austan hvass, frostlaust eftir hádegi. Féð var hýst um kvöldið, sleppt út með fjörunni um morguninn. Lömbin voru tekin frá sér í hús, 18 að tölu. Lýður í Reykjavík kom handan frá Bæ, var hér um nóttina.

Fimmtudagur 31. október. Austan stórviðri með bleytukafaldsvonsku um morguninn. Hæglátur er á daginn leið og þurrt veður. Um miðjan daginn gjörði bleytuillviðri eftir nónið, þá fékk Matthías eina á af því er vantaði, með kindum er Kjartan átti yfir í Bæ, er hann sótti þangað. Lömbin voru ekki látin út, farið að kenna þeim átið.

Nóvember

Föstudagur 1. nóvember. Austan hvass með bleytuillviðri fram á nón, eftir það hæglátur, lítið úrfelli. Þá kom Jóhann í Bæ að bólusetja fyrir þá Matthías og Halldór. 50 lét Matthías bólusetja, öll lömbin og það veturgamla og fáeinar eldri ær. 10 aura kostaði á kindina. Lömbin voru ekki látin út.

2. v. vetrar.

Laugardagur 2. nóvember. Austan hvass og illviðri fram á hádegi, hæglátur er á daginn leið. Froststirðningur um kvöldið, var þá að mestu leyti leystur snjórinn með sjónum, en alveg jarðlaust er kom hér upp fyrir um hvammana og alls staðar fyrir aftan brún. Fénu var rennt út á ströndina og allt látið inn um kvöldið. Ein veturgamla gimbrin sem bólusett var, varð svo veik að hún var skorin af. Þá um kvöldið vantaði 2 kindur.

Sunnudagur 3. nóvember. Austnorðan hvass, frost og kuldi með kófkafaldi. Þá um morguninn er út var látið var ein ærin dauð í húsunum úr bráðapest. Hún var óbólusett.

Mánudagur 4. nóvember. Austan hvass, frost mikið og svælingskafald um morguninn.

Þriðjudagur 5. nóvember. Austnorðan sortabylur og hvassviðri með frosti. Þá stóð féð inni.

Miðvikudagur 6. nóvember. Austnorðan svælingskafald, ekki mjög hvass, en mikið frost. Matthías stóð hjá fénu stundarkorn fram í Hesthvammaholtum. Mátti þó heita jarðlaust fyrir framan, nema í einmuna veðri, umrenningur með sjónum. Eysteinn kom með eina á er vantaði hjá Matthíasi og tvær er Kjartan átti, höfðu fundist í Bæ. Vantaði Matthías þá eina af fjalli.

Fimmtudagur 7. nóvember. Svælingsmold, hvassviðri og frost mikið.

Föstudagur 8. Sama veður.

3. v. vetrar.

Laugardagur 9. nóvember. Austan stormur, frost mikið, svælingskafald er á daginn leið.

Sunnudagur 10. nóvember. Logn og bjartviðri fram yfir hádegi, eftir það austan stormur með éljum. Frost talsvert. Um kvöldið kom Ingimundur á Hóli að sitja hér niðurjöfnunarfundinn er átti að byrja næsta dag.

Mánudagur 11. nóvember. Hæglátur sunnan stormur. Frostlaust er á daginn leið. Þá kom hreppsnefndin saman á niðurjöfnunarfundinn.

Þriðjudagur 12. nóvember. Logn og úrfelli á milli, milt og hlýtt veður. Þá um kvöldið kláraði hreppsnefndin niðurjöfnunarfundinn, útsvar mitt var 57 kr. Ég borgaði það þá út í peningum.

Miðvikudagur 13. nóvember. Stillilogn, frostlaust og blíðviðri. Þá kom Hólmavíkurmótorinn með fóðursíldina til bændanna hér. Matthías átti af flutningum 7 tonn og 200 pund af síldarmjöli. Stefán Finnbogason var með mótorinn og Guðmundur á Hellu, bróðir hans. Hreppsnefndarmennirnir fóru á stað heim til sín. Matthías flutti Loft á Eyjum yfir fjörðinn. Féð var ekki látið inn um kvöldið.

Fimmtudagur 14. nóvember. Sunnan stormur, ofanfallsrigning eftir hádegi, leysing afar mikil. Þá var Helta[?] skotin, kroppurinn af henni viktaði 260 pund.

Föstudagur 15. nóvember. Logn og þykkviðri, dálítill froststirðningur. Þá fluttu þeir Matthías og Kjartan fullorðnu hrútana sína inn í ey, sína 2 hvor.

4. v. vetrar.

Laugardagur 16. nóvember. Austan hvass, bleytukafaldsilliviðri, gjörði alhvítt í sjó. Þá var smalað og allt látið inn um kvöldið. 4 kindur vöntuðu hjá okkur.

Sunnudagur 17. nóvember. Austnorðan hvass og kafaldsslitringur, frost lítið. Þá var haldinn Lestrarfélagfundurinn. Féð var rekið til beitar, en allt látið inn um kvöldið. Voru þá kindurnar allar.

Mánudagur 18. nóvember. Austan hvass með kafaldságöngum, frostlítið. Þá kom Sigurður á Ásmundarnesi með umburðarskjal frá Magnúsi læknir um samgöngubann við menn utan læknishéraðsins og jafnvel innanhéraðs, að svo miklu leyti mögulegt væri, vegna Spönsku veikinnar er gengi í mörgum kaupstöðum landsins og utan kaupstaða á Suðurlandi.

Þriðjudagur 19. nóvember. Austan hvass með svælingsbleytumold, fannkoma töluverð.

Miðvikudagur 20. nóvember. Austan hvass með ofanfallsillviðrisslagi fram á kvöld. Logn um morguninn og úrkomulaust fram undir fullbirtu. Þeir Matthías og Halldór fóru yfir að Hellu að semja skattskrána. Komu ekki heim um kvöldið.

Fimmtudagur 21. nóvember. Suðvestan rokveður og rigning fram á hádegi, eftir það hæglátur vestan, logn og bleytukafald síðast um kvöldið. Þeir komu heim Matthías og Halldór.

Föstudagur 22. nóvember. Logn og froststirðningur er á daginn leið. Arngrímur í Reykjarvík og drengir hans komu með kerruna er Matthías lánaði honum í haust.

5. v. vetrar.

Laugardagur 23. nóvember. Vestan hæglátur, þykkviðri og frost. Þá var ég hjá fénu upp í Bringjum á bestu krafsjörð. Arngrímur og drengir hans komu með 200 pund af fiski er Matthías keypti af honum kom úr róðri með það. Matthías flatti á rár 79 fiska af því, tók í soð 12 þá smæstu. Ari á Hólmavík kom með hluti háseta sinna, Fúsa og Jóns. Fúsi lét mig fá 30 pund af nýjum fiski er ég saltaði niður.

Sunnudagur 24. nóvember. Marahláka og blíðviðri. Kindunum var sleppt á ströndina. Látið þó inn um kvöldið. Jón í Asparvík kom og Karl sonur hans.

Mánudagur 25. Logn og blíðviðri, dálítill froststirðningur. Matthías var að moka undan grindum og keyra það á túnið. Ég smalaði fénu.

Þriðjudagur 26. nóvember. Austan stórviðri, frostlaust. Matthías var að keyra á túnið undan grindunum. Ég smalaði fénu. Þá um kvöldið kom Fúsi alkominn heim úr verinu.

Miðvikudagur 27. nóvember. Austan stormur, marahláka. Logn er á daginn leið. Matthías var að leita að Stjörnu minni og trippi hennar, fann þær fram í Hjöllum, hinir hestarnir allir voru komnir heim og út á strönd. Ég smalaði kindunum.

Fimmtudagur 28. nóvember. Austan hvass, frost dálítið er á daginn leið. Þá gengum við Áskell á rekann, fundum dálítið af smávið. Einn ás í Hörsvík. Þennan dag komu Guðjón í Sunndal, Arngrímur og Magnús á Reykjarvík og Bjarni á Bassastöðum með póstin. Guðjón keypti af Matthíasí húðina af Skjóna gamla fyrir 60 kr.

Föstudagur 29. nóvember. Logn, frost og héla. Þá var sótt á bát 13 álna spýta út í Hörsvík er þar rak í haust. Hjörtur á Hamri kom. Hann kom með 10 kr. frá Jóni Atla til mín fyrir 5 kindaslátur er ég seldi honum í haust. Fúsi fór yfir að Drangnesi að sækja eitthvað af færum sínum er þar voru eftir.

6. v. vetrar.

Laugardagur 30. nóvember. Logn og frostrigning fram á hádegi, allt tólgað af klaka er á daginn leið. Þá herti frostið. Bjarni á Klúku kom og Guðrún Jörundardóttir. Matthías var að taka upp hellugrjót fram á Pálshjalla. Ég smalaði fénu.

Desember

Sunnudagur 1. desember. Austan stormur, frost og kuldi. Þá fór Matthías yfir á Hólmavík með mikið af peningum fyrir síld og síldarmjöl. Sigurður á Brúará kom, fór út að Bjarnarnesi. Hann var hér um nóttina.

Mánudagur 2. desember. Austnorðan hvass, mikið frost og kuldi. Siggi á Brúará var hér um kjurt, gaf ekki að flytja yfir fjörðinn. Matthías kom heim.

Þriðjudagur 3. desember. Austan hvassviðri, frost og kaldur. Þá var Siggi á Brúará fluttur yfir fjörðinn. Við Kjartan gengum á reka, fundum dálítið af smávið, einn ás 10 álna.

Miðvikudagur 4. desember. Austan hvass með stórrigningu allan daginn.

Fimmtudagur 5. desember. Sunnan hæglátur stormur, morg[?] hláka.

Föstudagur 6. desember. Vestan stormur, froststirðningur.

7. v. vetrar.

Laugardagur 7. desember. Austan stórviðri, frostlaust og þoka, úrfellissuddi.

Sunnudagur 8. desember. Hvass austan, bleytukafaldsillviðri, alsnjóa um morguninn af bleytufönn, logn og milt veður er á daginn leið og úrkomulaus.

Mánudagur 9. desember. Austan hvassviðri, frostlaust, logn fyrst um morguninn. Þá fór Fúsi með þeim frá Reykjarvík og Brúará á bát inn á Hólmavík. Þeir komu ekki til baka aftur um kvöldið.

Þriðjudagur 10. desember. Hæglætis austansláttur, maraþíða og blíðviðri. Þá kom Fúsi og þeir á bátnum innan að, voru á Kleifum um nóttina.

Miðvikudagur 11. desember. Logn og bjartviðri, frost dálítið og héla. Þá baðaði Matthías allt féð. Guðjón í Kaldbak kom.

Fimmtudagur 12. desember. Logn og bjartviðri. Nokkuð mikið frost og héla. Þá sóttum við Matthías og Fúsi rafta út á strönd. Bjarni á Klúku kom, var að fá fiskæti hjá Fúsa, með honum fór Fúsi frameftir og var framfrá hjá Bjarna um nóttina.

Föstudagur 13. desember. Austan ofsaveður, frostlaust er á daginn leið. Andrés á Bakka kom.

8. v. vetrar.

Laugardagur 14. desember. Austnorðan ofsaveður, bleytuillviðri allan daginn, alsnjóva í sjó um morguninn, en tók upp að mestu er á daginn leið.

Sunnudagur 15. desember. Austan ofsaveður, frost þegar á daginn leið.

Mánudagur 16. desember. Stillilogn, þykkviðri, frost dálítið. Við Jón Áskelsson gengum á reka, fundum dálítið af viðarsmælki og einn selkóp. Andrés á Bakka kom.

Þriðjudagur 17. desember. Austan hvass, frost og kaldur. Þá voru hrútarnir sóttir inn í eyjuna, voru þeir þá búnir að vera þar hátt á fimmtu viku. Þá um morguninn kom „Sterling“ til Hólmavíkur að taka kjötið.

Miðvikudagur 18. desember. Austan stórviðri, frost og kuldi, gjörði kafaldsfjúk um kvöldið.

Fimmtudagur 19. desember. Hæglátur austan, frost mikið og kafaldsél á milli. Þá kom Guðmundur Magnússon í Bæ og Árni Andrésson að innheimta prestgjöldin. Guðmundur borgaði mér kirkjugjald sitt kr. 1,50.

Föstudagur 20. desember. Austan hvass, frost og kuldi.

9. v. vetrar.

Laugardagur 21. desember. Sama veður.

Sunnudagur 22. desember. Logn fram á miðjan dag, þá austan hvass, frost og kuldaveður. Þá kom Benidikt í Asparvík og Magnús í Reyjarvík, Bensi borgaði mér kirkjugjald sitt kr. 1,50.

Mánudagur 23. desember. Austan strekkingsvindur, frost talsvert.

Þriðjudagur 24. desember. Logn, þykkviðri, frost talsvert. Þá kom presturinn og Ingimundur á Bassastöðum. Á jólanóttinni var besta veður, loftbjart stillilogn, en nokkuð mikið frost.

Jóladaginn. Logn og þykkviðri fram yfir hádegi, þá gjörði austan hvassviðri með svælingsmoldbyl, hæglátur er fram á kvöldið kom og kafaldslaust. Þá var messað. Margt fólk kom til kirkju. Þá borgaði mér kirkjugjald Guðjón í Sunndal 4 kr. 50, Bjarni á Klúku 3 kr., Guðmundur í Bæ 3,75, Guðmundur Torfason 1,50 (alls kr. 12,75). Ingimundi á Bassastöðum borgaði ég upp í forsöngvaragjald sitt er kirkjan átti að borga. Kirkjugjald hans sjálfs kr. 3 og 5 kr. er ég átti hjá honum fyrir viðarrusl er hann keypti úr kirkjupallinum er rifinn var í vor þegar pallurinn var steypur. Á hann þá eftir óborgað af forsöngvaralaunum sínum er kirkjan átti að borga kr. 3.

Fimmtudagur 26. desember. Hæglátur útsynningur með éljum. Þá var ekki messa, enginn kom til kirkju. Presturinn og Ingimundur fóru yfir að Bæ, ötluðu inn strönd. Hestana sótti ég út á Höfða og voru þeir þá allir teknir inn.

Föstudagur 27. desember. Norðan sortabyllur og stórviðri, nokkuð mikið frost.

10. v. vetrar.

Laugardagur 28. desember. Hæglátur austan, frostlítið, kafaldslaust.

Sunnudagur 29. desember. Sama veður. Þá kom Halldór í Bæ. Kjartan og Halldór hér, borguðu mér kirkjugjöld sín kr. 5.25.

Mánudagur 30. Útnyrðingur, bjartviðri og frost mikið, þá kom Jón Atli á Hamri og Sigurður í Ásmundarnesi.

Þriðjudagur 31. desember. Stillilogn og þykkviðri fram yfir hádegi, þá austan gjólustormur með hlaðningskafaldi, frost lítið. Þá komu Brúarárhjónin og Jón sonur þeirra, Magnús og Sigurður frá Reykjavík og drengur frá Bakka. Þeir frá Brúará borguðu mér kirkjugjöld sín, kr. 4,50. Þá var byrjað að hleypa til.